



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

ÁRSSKÝRSLA 2007-2008

Stjórn Kvasis 2007-2008

Ásmundur Sverrir Pálsson, Fræðsluneti Suðurlands, formaður

Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga, gjaldkeri

Valgerður Guðjónsdóttir, Visku, ritari

Stjórnarfundir 2007-2008

Stjórn var kosin á vorfundi Kvasis-samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem haldinn var á Selfossi 27. apríl 2007. Í stjórn sátu ásmundur Sverrir Pálsson frá Fræðsluneti Suðurlands, Valgerður Guðjónsdóttir frá Visku og Óli Halldórsson frá Þekkingarneti Þingeyinga. Stjórnarfundir á starfsárinu voru sem hér segir:

| Fundir | Staður | Dags. | Dagskrá |
|--------|------------|----------|---|
| 1 | Selfoss | 26.04.07 | Félagsfundur |
| 2 | Selfoss | 27.04.07 | Stjórnarfundur; Stjórn skiptir með sér verkum |
| 3 | Reykjavík | 13.08.07 | Stjórnarfundur; Ferðastyrkur v/ Markviss, háskólanámsumræða o.fl. |
| 4 | Reykjavík | 25.09.07 | Stjórnarfundur; Undirbúningur haustfundar á Egilsstöðum |
| 5 | Reykjavík | 16.10.07 | Haustfundur Kvasis Egilsstöðum |
| 6 | Fjarfundur | 02.11.07 | Stjórnarfundur; Vinna fyrir fjárlaganefnd |
| 7 | Reykjavík | 07.11.07 | Stjórnarfundur; Undirbúningur fyrir fjárlaganefnd |
| 8 | Fjarfundur | 14.01.08 | Stjórnarfundur; Vorfundur undirbúinn |
| 9 | Fjarfundur | 15.02.08 | Stjórnarfundur; Vika símmenntunar og heimasíða Kvasis |
| | Reykjavík | 05.03.08 | Skipulag vorfundar og vika símmenntunar |

Verkefni - skýrsla stjórnar -

Fjarnám á háskólastigi

Á starfsárinu gekkst stjórnin fyrir fundum með símenntunardeild menntamálaráðuneytisins þar sem þráðurinn var enn tekinn upp um þjónustu fræðslumiðstöðvanna við fjarnema á háskólastigi. 27. febrúar átti stjórnin fund með menntamálaráðherra um málið. Þar kom fram að það væri stefna ráðuneytisins að fólk ætti að eiga þess kost að stunda háskólanám sem næst heimabyggð sinni. Þetta var mikilvæg yfirlýsing og í anda hennar var svo unnið með deildarstjóra símenntunardeildar þar sem reynt var að meta þann kostnað sem fræðslumiðstöðvarnar hafa af fjarnáminu. 29. mars var síðasti fundurinn haldinn og skýrslu skilað til umfjöllunar í ráðuneytinu.

Í framhaldinu gerði ráðuneytið það að tillögu sinni við fjárlaganefnd Alþingis að þeim fræðslumiðstöðvum, sem ekki hefðu samning við ríkið um fjarnám á háskólastigi, yrðu veittar 3 milljónir hverri árið 2008 til að standa straum af kostnaði við fjarnámið.

Vorfundur og stjórn Kvasis

Vorfundur Kvasis (aðalfundur og ráðstefna) á Selfossi 25. og 26. apríl. Ráðstefna fundarins bar yfirskriftina *Menntun í atvinnulífinu*. Ráðstefnan var fjölsótt (sjá dagskrá ráðstefnunnar og fundargerð). Á aðalfundi Kvasis gekk Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður MSS úr stjórn og var Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga kosinn í stjórnina.

Á fyrsta fundi sínum 13. ágúst skipti stjórn með sér verkum þannig: formaður Ásm. Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands, ritari Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður Visku, gjaldkeri Óli Halldórsson.

Aðalfundur Landsmenntar

Aðalfundur Landsmenntar, Skíðaskálanum í Hveradölum, 30. maí. Formaður sótti fundinn f.h. Kvasis og hélt erindi um samstarf fræðslumiðstöðva við fyrirtæki að því er lýtur að starfsmenntun og almennri fræðslu í atvinnulífinu.

Vika símenntunar

Undirbúningsnefnd um viku símenntunar, Vinnumálastofnun í Reykjavík, 5. júní. Formaður sótti, f.h. Kvasis, fund undirbúningsnefndarinnar um þema vikunnar og tímasetningu.

Fræðsluráð BSRB

Kynningarfundur með fræðsluráði BSRB, Reykjavík 7. júní. Formaður kynnti starfsemi fræðslumiðstöðva innan Kvasis og svaraði fyrirspurnum.

Cirius-styrkur og Markviss

29. sept. 2006 sótti Kvasir um styrk hjá Nordplus Voksen Cirius til að standa straum af kostnaði við Danmerkur- og Svíþjóðarferð Markviss-ráðgjafa og starfsfólks fræðslumiðstöðva. Styrkur fékkst (sjá ársreikning) og stóð ferðin frá 29. maí til 2. júní. Sá danski Bent Niebling skipulagði dagskrána úti. 17 manna hópur fór til Kaupmannahafnar og Helsingjaborgar, heimsótti fyrirtæki, sem höfðu tekið Markviss-aðferðina í sína þjónustu, og sat námskeið hjá SUM í Danmörku.

Kvasir greiddi kostnað við námskeiðið og undirbúning þess.

Haustfundur Kvasis

Haustfundur Kvasis (félagsfundur og ráðstefna) í Menntaskólanum á Egilsstöðum 16. og 17. október. Þema ráðstefnunnar var Netháskóli (sjá fundargerð). Fyrirmyndarráðstefna, fjölmenn og gagnleg.

FS-netið

Fundur um FS-netið í menntamálaráðuneytinu 25. september. Stjórn mætti á fund í ráðuneytinu ásamt skólameisturum framhaldsskólanna þar sem kynntur var nýr samningur um FS-netið. Þjónusta við FS-netið hafði verið boðin út og menntamálaráðuneytið tekið tilboði Vodofone – Og fjarskipta –.

Heimasíða Kvasis

Stjórn ákvað að gera gangskör að gerð heimasíðu fyrir Kvasi. Fyrirtækið Outcome var fengið til verksins og verða drög að heimasíðunni kynnt nú á aðalfundinum.

Erindi til fjárlaganefndar

Undanfarin ár hefur stjórn Kvasis gengið á fund fjárlaganefndar Alþingis í þeim tilgangi að fá hækkuð grunnframlög til fræðslumiðstöðvanna auk

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

viðurkenningar á kostnaði stöðvanna af hákólanáminu og framlög til að mæta honum. Að þessu sinni gekk stjórn á fund nefndarinnar 7. nóv. (sjá erindi til fjárlaganefndar). Þá þegar var ljóst (sbr. það sem á undan segir) að fyrir nefndinni lá erindi m.mrn. um framlög til háskólaþjónustunnar. Stjórnin lagði fram erindi í þremur liðum (sjá bréf í skýrslu).

Umsókn til Starfsmenntaráðs

Kvasir sótti um styrk hjá Starfsmenntaráði til að halda ýmiskonar námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Styrkur fékkst og í framhaldinu buðu fræðslumiðstöðvarnar upp ódýr námskeið, s.s. skyndihjálparnámskeið, námskeið í svæðisþekkingu og þjónustunámskeið.

Fulltrúar Kvasis í stjórn Menntabráar og FS-nets

Laufey Eiríksdóttir situr fyrir hönd Kvasis í stjórn Menntabráar og Jóhann Ingólfsson í stjórn FS-nets fyrir hönd félagsins.

Leikn – heildarsamtök um fullorðinsfræðslu

Leikn var stofnað árið 2005. Í stjórn Leiknar sitja fyrir hönd Kvasis Smári Haraldsson, sem er formaður, og gjaldkeri er Guðjónína Sæmundsdóttir. Emil Björnsson er varamaður í stjórn.

Á starfsárinu urðu þær breytingar í röðum forstöðumanna að Guðrún Reykdal lét af störfum sem framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands og var Stefanía Kristinsdóttir ráðin til starfans.

Stjórn Kvasis, starfsárið 2007-2008 þakkar félagsmönnum og öðrum samstarfsaðilum ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu. Úr stjórn víkja nú Ásm. Sverrir Pálsson og Valgerður Guðjónsdóttir; Óli Halldórsson situr áfram. Megi nýrri stjórn vinnast vel.

Ásm. Sverrir Pálsson
Valgerður Guðjónsdóttir
Óli Halldórsson

Aðalfundur Kvasis 9. apríl 2008

Staður: Hótel KEA Akureyri
Fundarstjóri: Erla Björg Guðmundsdóttir
Fundarritarar Valgerður Guðjónsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir

Klukkan:

13.00 – 14.00

Skýrsla formanns

Ársreikningar

Kosning tveggja fulltrúa í stjórn

Kosning í nefndir og stjórnir

14.00 – 14.30

Námskrárgerð símenntunarmiðstöðva

14.30 – 14.40

Kaffihlé

14.40 – 15.30

Markviss

- umsjón með Markviss
- ráðgjafapjálfun
- heimasíða Markviss
- námskeið með Bent Niebling

Netháskólinn

15.30 – 15.50

Kvasir og Leikn; tillaga Smára

15.50 - 16.10

Skráningarkerfi FA (IEG)

16.10 – 16.30

Samstarf Endurmenntunar HÍ og
fræðslumiðstöðvanna

16.30 – 16.50

Mótvægisaðgerðir ríkisvaldsins, aðkoma
fræðslumiðstöðvanna (Guðrún Reykdal frá
menntamálaráðuneyti)

16.50 – 17.00

Opnun nýrrar heimasíðu Kvasis

17.00 -

Haustfundur, þema; önnur mál

**Námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins –
samræða fullorðinsfræðsluaðila og framhaldsskólans**

Ráðstefna á Hótel KEA á Akureyri 10. apríl kl. 9-15.30

Dagskrá ráðstefnunnar:

Staður: Hótel KEA Akureyri
Fundarstjóri: Erla Björg Guðmundsdóttir
Fundarritarar: Valgerður Guðjónsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir

| | |
|-------------|---|
| 8.45-9.00 | Morgunsopi |
| 9.00-9.15 | Ávarp fráfarandi formanns Kvasis |
| 9.15-9.30 | Ávarp frá menntamálaráðuneytinu |
| 9:30-10:00 | Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: <i>Námskrá FA, tilurð og framkvæmd</i> |
| 10.00-10.20 | Kaffi og meðlæti |
| 10.20-11.10 | Sigrún Jóhannsdóttir: <i>Kynning á tæknibúnaðinum Easy Tutor, lesþjóni</i> |
| 11.10-11.25 | Umræður/spurningar |
| 11:30-12.00 | Guðjónína Sæmundsdóttir framkvæmdastjóri Miðstöðvar sámenntunar á Suðurnesjum: <i>Viðhorf fræðslumiðstöðvanna til námskránna</i> |
| 12.00-13.00 | Hádegismatur |
| 13.00-13.45 | Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari VMA: <i>Sýn framhaldsskóla á námskrárrnar, mat á einingum, nemendur og skólinn</i> |
| 13.45-14.30 | Pallborð |
| 14.30-15.30 | Dagskrárlök - kaffi og meðlæti |
| 13.00-13.45 | Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari VMA: <i>Sýn framhaldsskóla á námskrárrnar, mat á einingum, nemendur og skólinn</i> |
| 13.45-14.30 | Pallborð |
| 14.30-15.30 | Dagskrárlök - kaffi og meðlæti |



Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Menntamálaráðherra
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Menntamálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 3
150 Reykjavík

Selfossi, 3. mars 2008

Efni: Ávarp á vorfundi Kvasis á Hótel KEA 10. apríl kl. ?

Vorfundur Kvasis, samtaka fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni, verður haldinn á Akureyri 9. og 10. apríl næstkomandi. Sú venja hefur skapast í starfi félgsins að annan tveggja daga vorfundar er haldin ráðstefna um eitthvert tiltekið efni. Efni ráðstefnunnar nú er námskrár *Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)*.

Efnt verður til samræðu um reynslu þeirra fullorðinsfræðsluaðila sem kennt hafa eftir námskránum og framhaldsskólans sem tekur við sumum þeirra nemenda sem lokið hafa námi samkvæmt þeim og jafnframt hlotið rétt til að fá nám sitt metið til eininga í framhaldsskóla.

Það væri okkur mikill heiður og ánægja ef þú sæir þér fært að ávarpa ráðstefnuna, og eftir föngum að sitja hana.

Með vinsemd.

Fyrir hönd stjórnar Kvasis,

Ásm. Sverrir Pálsson
formaður

Ágæti skólameistari.

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Selfossi, 3. mars 2008

Efni: Ráðstefna Kvasis á Akureyri 10. apríl næstkomandi.

Vorfundur Kvasis, samtaka fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni, verður haldinn á Akureyri 9. og 10. apríl næstkomandi. Sú venja hefur skapast í starfi félgsins að annan tveggja daga vorfundar er haldin ráðstefna um eitthvert tiltekið efni. Efni ráðstefnunnar nú er *námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins*.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur á undanförunum árum gefið út margar námskrár af ýmsu tagi ætlaðar til að auka lærdóm og færni þeirra á vinnumarkaði sem ekki hafa lokið neinu formlegu námi eftir grunnskóla. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að að meta megi nám skv. námskránum til eininga í framhaldsskólum. Nú er komin nokkur reynsla á notkun námskránna og jafnframt hafa einhverjir nemendur sem lokið hafa námi í samræmi við námskrárnar hafið nám í framhaldsskóla.

Eins og áður segir hefur Kvasir ákveðið að námskrárnar verði til umfjöllunar á ráðstefnunni þar sem fullorðinsfræðslustofnanir, sem kennt hafa eftir námskránum, og framhaldsskólar eigi samræðu um þær í ljósi reynslunnar.

Það væri okkur mikil ánægja ef þú eða einhver annar/aðrir fulltrúar skólans sæju sér fært að sækja ráðstefnuna.

Með vinsemd,

Ásm. Sverrir Pálsson
formaður Kvasis



Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Heil og sæl, öll.

Kvasir, félag fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni, efnir til ráðstefnu á Hótel KEA á Akureyri í tengslum við aðalfund sinn. Ráðstefnan er 10. apríl og byrjar kl. 9 að morgni. Dagskrá er að verða til og sendist ykkur um leið og hún lítur dagsins ljós. Efni ráðstefnunnar snýst um *námskrár FA í ljósi reynslunnar; samræða fullorðinsfræðsluaðila og framhaldsskólans*. Að svo stöddu bið ég ykkur vinsamlega að taka daginn frá. Það gleddi okkur félagi í Kvasi mikið ef þið sjáið ykkur fært að sitja ráðstefnuna - og hafið sem flesta með ykkur. Verið velkomin. (Þið mættuð gjarnan benda mér á ef þið sjáið að ég gleymi einhverjum sem á/eiga fyllsta erindi á ráðstefnuna)

Með vinsemd,

Ásm. Sverrir Pálsson

formaður Kvasis

Ásm. Sverrir Pálsson
Fræðsluneti Suðurlands
Tryggvagötu 25 800 Selfoss
Sími 480-8155 GSM 693-9035
Netfang: asmundur@sudurland.is

Vorfundur Kvasis Selfossi dagana 26. - 27. apríl 2007

Fimmtudagur 26. apríl 2007

Fundastaður: Hótel Selfoss

Fundarstjóri: Ásmundur Sverrir Pálsson

Fundarritarar: Valgerður Guðjónsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir

**Þema
Menntun í atvinnulífinu**

- Kl. 10:30 **Setning**
- Kl. 11:00 **Realkompetanse og basiskompetanse i arbeidslivet**
Camilla Alfsen – Vox, nasjonalt senter for læring i arbeidslivet
- Kl. 12:00 **Matur**
- Kl. 13:00 **Stefna og starfsemi atvinnurekenda í símenntun,**
Ingi Bogi Bogason – sviðsstjóri menntunar og mannauðs hjá SI
- Kl. 13:30 **Skólar í atvinnulífinu**
Hallgrímur Gíslason - Brim
- Kl. 14:00 **Skólar í atvinnulífinu**
Erla Björg Guðmundsdóttir Símei
- Kl. 14:30 **Kaffi**
- Kl. 14:50 **Skólar í atvinnulífinu**
Guðbrandur
- Kl. 15:20 **Samantekt**
- Frítími**
- Kl. 18:30 **Móttaka bæjarstjórnar**
- Kl. 19:30 **Matur**

Föstudagurinn 27. apríl 2007

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Fundastaður: Hótel Selfoss

Fundarstjóri: ásmundur Sverrir Pálsson

Fundarritarar: Valgerður Guðjónsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir

Dagskrá:

Kl. 9:00 María Guðmundsdóttir SAF kynning á “kennum ferðaþjónustu”.

Kl. 9:15 Námskrár FA

Kl. 9:45 Kynning á starfsmenntasjóðum, Kristín Njálisdóttir

Kl. 10:15 Kaffi

Aðalfundur KVASIS

Kl. 10:30 Námskeið í samvinnu milli miðstöðva
Markviss – Emil Björnsson og Erla Björg Guðmundsdóttir
Samræming námskeiða og námskeiðslýsinga milli miðstöðva

Kl. 12:00 Matur

Kl. 13:00 Skýrsla stjórnar 2006 -2007

- ◇ Skýrslan – Guðjónína Sæmundsdóttir formaður Kvasis
- ◇ Ársreikningar – Ásmundur Sverrir Pálsson gjaldkeri Kvasis

Starfsnefndarskil

- ◇ Leikn – Smári Haraldsson
- ◇ Stjórn Menntabráarinnar – Smári Haraldsson
- ◇ FNV – Guðrún Jóhannsdóttir
- ◇ Skráningarkerfi FA – Jóhann Ingólfsson
- ◇ Nefnd um gæðamál á vegum FA – Guðrún Jóhannsdóttir

Stjórnarskipti

Önnur mál

Afgreiðsla tillagna, ályktanir og kosningar

Kl. 15:00 Vorfundi slitið



Samtök fræðslu og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Fundargerð vorfundar Kvasir 2007 – Selfossi dagana 26. og 27. apríl

Fimmtudagur 26. apríl 2007

Þema: Menntun í atvinnulífinu

1. Setning

Ína setti ráðstefnuna og fór yfir sögu símenntunarmiðstöðvanna. Sú elsta er níu ára og sú yngsta fjögurra ára. Það voru heimamenn á hverjum stað sem ýttu starfsemi stöðvanna úr vör. Hún fór yfir þemu vorfunda undanfarinna ára og að í ár hafi þemað verið valið sökum þess að minna hefur heyrst um viðhorf atvinnurekandans til sí- og endurmenntunar.

2. Ávarp

Sigurður Sigursveinsson flutti ávarp fyrir hönd menntamálaráðuneytisins í fjarveru Stefáns Stefánssonar. Það átti vel við að hann gerði það á Selfossi, því alla jafna starfar hann sem skólameistari Fjölbrautarskóla Suðurlands. Sigurður er í leyfi til hausts, en starfar eins og er í sérverkefni í menntamálaráðuneytinu, við endurskoðun námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla. Nýjar námskrár munu verða árangursmiðaðar, taka mið af stöðu nemandans hverju sinni, til árangurs og færni. Almennur rammi í tíma er enn til staðar í námskránum en einstaklingurinn er nú hafður í forgrunni.

Sigurður sagði: „Nám fer fram víðar en innan veggja skóla, fólk nemur alls staðar“. Sigurður kom inn á raunfærni- validering av kompetanse.

Sigurður gat þess að það hefði ekki gengið hnökralaust fyrir sig að brúa bilið á milli formlegrar og óformlegrar færni og mats inn í framhaldsskólana. Vitnaði hann t.a.m. í sjúkraliðabruna í þessu sambandi. Hann sagði m.a. að þessi námsleið hefði mætt mótstöðu m.a. vegna þess að verið sé að gjaldfella fullt sjúkraliðanáam. Þess vegna þarf að kynna raunfærnimat betur fyrir almenningi.

Hann kom m.a. inn á að uppbygging fræðslumiðstöðva væri mikilvægt skref til að brúa bilið á milli óformlegs og formlegs náms. Í því samhengi er sífellt mikilvægara að leiðbeina og veita fólki ráðgjöf.

Undanfarin ár hafa æ fleiri komið að vinnu við raunfærnimat en enn erum við á byrjunarstigi hvað það varðar.

3. Realkompetanse og basiskompetanse i arbeidslivet, Camilla Alfsen – Senior adviser Vox, nasjonalt senter for læring i arbeidslivet.

Vox is owned by the Ministry of Education and research.

Hún fjallaði að mestu um raunfærnimat í atvinnulífinu í Noregi. Þar lagði hún áherslu á endurmenntun einstaklinga í umönnun og hjúkrun. Verkefnið sem hún vitnaði í hófst árið 1999 og stóð yfir til ársins 2002. Það gekk út á mat og endurhæfingu, þ.e. mat raunfærni þannig að einstaklingar þyrftu ekki að fara hina hefðbundnu leið, í framhaldsskóla o.s.frv. Verkefnið var í samvinnu margra eins og ríkisins, fylkja, sveitarfélaga, svæðisvinnumiðlunar, fræðslumiðstöðva o.fl.

Það gengur út á persónulega framvindu í sambandi við menntakerfið, styttingu námskeiða og einstaklingsmiðaða færni.

Í Noregi eru þrjár nálganir á óformlegri og formlegri menntun. Það er menntakerfið, atvinnulífið og “third sector”. Kerfi sem byggist á sameiginlegum lögum, sameiginlegum prinsippum og þróun ólíkra matstækja. Lögin eru ný og vildu menn auka möguleika á nálgun einstaklinga sem vantar meiri getu í einstökum greinum í óformlegu námi. Þá geta menn svo haldið áfram eftir það í formlegu námi sínu. Camilla heldur að þetta óformlega nám sé einstaklingunum að kostnaðarlausu.

Fullorðnir fæddir fyrir 1978 fá ókeypis óformlega menntun vegna breytinga sem urðu á menntakerfinu um það leyti. Nítján fylki eru ábyrg fyrir menntasetrum, þar sem raunfærnimat er framkvæmt. Þar er notuð sameiginleg námskrá, þjálfaðir leiðbeinendur og miðlæg skráning.

Matið gengur líka út á verklega færni. Camilla notaði sögu af manni sem kom með mynd af endurgerðum bíl sem átti að sanna að hann gæti gert við bíla. Hann hafði ekkert annað til að sanna það. Þess vegna nota Norðmenn líka verkstæði (verklegt raunfærnimat), til að menn geti sýnt í verki hvers þeir eru megnugir. Á þennan hátt geta menn jafnvel fengið prófgráðu í

Vorfundur Kvasir á Akureyri 9.-10. apríl 2008

einhverri mynd eftir að hafa sýnt fram á getu sína og fengið útskrift sem sá iðnaðarmaður sem hann hefur unnið við allt sitt líf.


Í framhaldsskólum og háskólum í Noregi eru engar sameiginlegar námskrár. Hver skóli eða landshluti getur haft þetta allt eins og þeir vilja. Matskerfið er hins vegar sameiginlegt. Prófin eru miðlæg á landsvísu.

Nauðsynlegt til að koma til móts við einstaklinga sem einhverra hluta vegna geta ekki farið hefðbundna leið.

Í Noregi geta menn fengið ársleyfi til að ná sér í framhaldsmenntun en það er launalaust og vinnuveitandi getur haft áhrif á það hvort og hvenær leyfi er veitt. Vinnuveitendur eru einnig ábyrgir fyrir nýliðapjálfun. Þróuð voru verkfæri til að skilgreina skrá yfir færni og hvernig fólk jók menntun sína á vinnustað.

Documentation of Competence in working life. Glæra númer 26 sýnir hvernig menntakerfið í Noregi er í grunninn, shared principles.

The national system in Norway




Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Í Noregi eru afar margar konur sem vinna við aðhlyningu á öldrunarheimilum og sjúkrahúsum. Á sama tíma eykst þörfin á fólki í umönnun því öldruðum og sjúkum fjölga líka og hér á landi.

Þættir eins og aukið atvinnuöryggi var megin þema í rannsókn sem framkvæmd var á meða þessara kvenna. Mikilvægt er að hvetja og gefa starfsfólki sem þessum konum möguleika á að fá metna starfsreynslu til að komast inn í skólakerfið á ný. Þetta veitti aukið sjálfsöryggi, þær fengu ný verkefni og voru meira metnar af samstarfsfólki. Sumar fengu hærri laun, það getur verið hagkvæmt fyrir vinnuveitendur að hafa lægra launað fólk en þá um leið er aukin hætta á óánægðara starfsfólki, sem fer í tímabundið veikindaleyfi m.a. vegna álags.

Information campaign. Þau hjá Vox funda 2 sinnum á ári með fylkismiðstöðvunum, en Camilla kom inn á að þau hefðu notað Sogn og Fjordane fylki sem ákveðna tilraun til að gera ákveðna útekt á aðferðafræðinni við raunfærnimat – bæði gagnvart vinnuveitendum og launþegum og gáfu í framhaldinu út bækling um ávinning raunfærnimats fyrir þessa tvo hópa.



4. Stefna og starfsemi atvinnurekenda í símenntun, Guðrún Eyjólfsdóttir, Samtökum atvinnulífsins.

Guðrún gat þess að þegar orðið Kvasir er slegið inn á Google þá koma upplýsingar um flest annað en samtökin okkar.

Til hvers símenntun? Guðrún svarar því að:

- ❖ hún skili sérhæfðari starfsfólki- valinn maður í hverju rúmi =betri samkeppnisstaða gagnvart öðrum greinum og öðrum þjóðum.
- ❖ Atvinnulífið og störf breytast hratt – eldri reynsla og þekking starfsmanna er dýrmætur grunnur.
- ❖ Að bæta við sig þekkingu og færni skilar yfirleitt persónulegri ánægju og öryggi sem er akkur fyrir einstaklinginn, fyrirtækin og samfélagið. Það má ekki sjúkdómsvæða og ellivæða fólk. Símenntun fær meira vægi m.t.t. þessa. Aldursskipting í starfsmenntasjóði sýnir að yngra fólk sækir meira í menntun en það eldra.

Hvað getur SA gert til að hvetja fyrirtæki til að sinna símenntun starfsmanna?

- ❖ Stefnumótun
- ❖ Starfsmenntasjóðir. Við erum stórstíg og hraðstíg í þessu á síðustu árum. Það er nauðsynlegt að skapa ákveðinn mórál eða stemningu fyrir mikilvægi símenntunar. Sjónarhornið í menntun er hvernig við verðum við samkeppnishæfari.
- ❖ Aðild að fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- ❖ Áherslur í starfi samtakanna.

Gagnast símenntun í fyrirtækjum?

- ❖ Já..... en spurningin er mjög víð. Það er háð skipulagi, afköstum í raun eru margar ástæður fyrir því að fyrirtæki senda eða senda ekki fólk sitt á námskeið.
- ❖ En til að vera nákvæmari.... Fyrirtækin eru ekki endilega ginkeypt fyrir að símenntun sé sinnt í vinnutímanum. Einstaklingar eru ekki endilega ginkeyptir fyrir að sækja sér menntun til viðbótar.

Kostnaður eða fjárfesting?

- ❖ Eða eða og ? Hvernig á að breyta kostnaði í fjárfestingu? Hættan er að starfsmaðurinn verði kyrr, án menntunar og hundóánægður. Því er betra að vera sveigjanlegur gagnvart símenntun með vinnu m.a. til að

- auka ánægju starfsfólks og að halda í það. Það að ná ekki fleirum á námskeið eða í nám strandar ekki á framboðinu.
- ❖ Forsenda samkeppnishæfni fyrirtækja er að menn rækti mannauðinn, starfsmenn afli sér þekkingar og hæfni og viðhaldi og þrói eiginleika sína með þekkingaröflun alla starfsævina.

5. Skólar í atvinnulífinu, Hallgrímur Gíslason Brim

6. Hallgrímur sagði frá tilurð þriggja skóla, þ.e. ÚA skólans, Lífsins skólans og Brim skólans, í dag er þetta einn og sami skólinn- og það er Brim sem rekur þennan skóla.

Hallgrímur kom inn á að það hefði verið meiri og róttækari breytingar á vinnunni síðastliðin 10 ár heldur en 50 árin þar á undan og nefndi í því samhengi tölvuvæðingu, vélvæðingu, aukin afköst og hreinlætiskröfur og vildi meina að þessi þróun héldi áfram og jafnvel af enn meiri hraða en hingað til.

Fyrirtækjum er nauðsynlegt að vera með sveigjanlegt starfsfólk og takast á við örar breytingar og takast á við ný verkefni og er skólinn mjög mikilvægur í því samhengi.

Hallgrímur kom inn á stofnun og aðdraganda ÚA skólans, en hann var stofnaður árið 2001 í tengslum við stefnumótunarvinnu hjá félaginu.

ÚA gerði samning við Símei varðandi kynningar og námskrágerð fyrir skólann, sá háttur var hafður á í byrjun. Í dag er ekki gefin út námskrá, heldur eru námskeiðin auglýst í námsvísi Símei.

Hallgrímur sagði m.a. að skólinn væri liður í að auðvelda starfsfólki fyrirtækisins að laga sig að breyttum aðstæðum og takast á við ný verkefni, en jafnframt að tryggja að sá mannauðurinn og þekkingin héldist innan fyrirtækisins.

Í dag rekur Brim skólann og er námskeiðunum skipt í þrennt: Starfstengd námskeið, persónuleg námskeið og tómstundanámskeið.

Starfstengd námskeið eru haldin í vinnutíma í flestum tilfellum, önnur námskeið utan vinnutíma.

Sem dæmi um starfstengd námskeið má nefna nýliðafræðslu, stjórnendanámskeið, lyftaranámskeið, sértæk námskeið fyrir iðnaðarmenn, Fjölverkjanám og starfsfræðslunámskeið fiskvinnslufólks.

Síðustu misseri hefur dregið verulega úr því að fólk sækir sér starfstengda menntun og það hefur færst meira á tómsbundanámskeiðin. Hluti af skýringunni getur verið sú að fólk hefur starfað hjá fyrirtækinu allt frá skólinn var stofnaður, þ.e. 75% starfsmanna hefur starfað hjá fyrirtækinu í fimm ár eða lengur. Þarna getur verið ákveðin metnun. Reynslan af skólanum hefur almennt verið góð og það er metnaður og samstaða á meðal starfsfólksins og áhugi á símenntun og aukin starfsánægja.

7. Skólar í atvinnulífinu, Erla Björg Guðmundsdóttir Símei, Norðurmjólkurskólinn.

❖ Tíldrög Norðurmjólkurskólans

Ráðist var í Markviss þarfagreiningu í janúar 2003. Markmið verkefnisins var að gera endurmenntunarmöguleika sýnilega í Norðurmjól.

Skilgreina hvernig endurmenntun er þörf.

Hvetja fólk til endurmenntunar.

Að þarfagreiningunni komu fulltrúar úr öllum deildum fyrirtækisins.

Reynslan af Markviss aðferðinni er góð og er starfsfólk Norðurmjólkur ánægt með fyrirkomulagið. Styrkurinn felst einkum í því að starfsfólkið tekur þátt í greiningunni. Fólk safnar saman upplýsingum um hvernig megi bæta vinnuna og vinnuumhverfið.

Í kjölfarið hefur starfsfólk Norðurmjólkur verið duglegt að nýta sér þá fræðslu sem í boði hefur verið.

❖ Fyrirkomulag skólans

Skipulagsfundur einu sinni á önn.

Skólastjóri sem sér um daglegan rekstur og er tengiliður við SÍMEY.

SÍMEY skipuleggur önnina.

SÍMEY heldur utan um tölfræði í tengslum við skólann, aðsókn, mat á námskeiðum, mat á leiðbeinendum o.fl.

❖ Starfsemi. Hvað er sérstakt við skólann?

Skólinn hefur lifað töluvert lengi.

Námskeiðaframboð er fjölbreytilegt.

Tilurð hans var nokkur tölvu- og tungumálanámskeið.

Þátttaka starfsmanna. Ríflega 23 starfsmenn hafa sótt 10 eða fleiri námskeið á vegum skólans.

Leiðbeinendur eru núorðið líka valdir innanhúss.

❖ Niðurstaða.

Norðurmjólkurskólinn er dæmi um farsælt samtarf fyrirtækis og símenntunarmiðstöðvar.

Vel hefur gengið að virkja starfsmenn til þátttöku hvoru tveggja sem leiðbeinendur og þátttakendur.

Sí- og endurmenntun hefur verð fastur liður í starfsemi fyrirtækisins.

8. Skólar í atvinnulífinu, Aðalbjörg Lúthersdóttir MS

Fyrirtækið Mjólkursamsalan ehf. Um 700 bændur og fjölskyldur þeirra standa að baki þessu rekstrarfélagi.

Rekstrarfélagið er í eigu Auðhumlu sem er samvinnufélag í eigu bændna. Í dag eru 520 starfsmenn á 8 starfsstöðvum. Kynjahlutfallið er 30% konur og 70% karlar. Um 15% allra starfsmanna fyrirtækisins eru með erlendan bakgrunn, flestir Pólverjar og Nepalár.

Fræðslustefna MS:

Mjólkursamsalan leggur áherslu á að starfsfólk eigi möguleika á að þróast í starfi innan félagsins í samræmi við metnað, hæfni og kunnáttu.

Starfsfólk er hvatt til að efla færni sína í takt við þær kröfur sem gerðar eru til félagsins. Þannig getur starfsfólk þróast í starfi og tekið við nýjum verkefnum.

Okkar skóli

Hefur ekki tengingu í fagmenntun

Í haust verður farið af stað með árleg starfsmannaviðtöl.

Haustönn 2006 og vorönn 2007 var gefin út námskrá fyrir Reykjavík, Búðardal og Selfoss og hinum verður bráðlega bætt við.

- ❖ Markmið skólans er að stuðla að faglegum og persónulegum þroska starfsmanna, hvað á að læra og hvaða þjálfunaraðferð og námskeiðaform er best? Gefin eru tækifæri til að auka þekkingu og færni einstaka starfsmanna.

- ❖ Byggja upp skipulag þannig að það verði til fræðsluráð. Fulltrúar frá stóru stöðvunum koma saman 2 sinnum á ári til að fara yfir fræðslumál í fyrirtækjunum.
- ❖ Markmið með fræðsluráði er að gefa starfsmönnum tækifæri til að hafa áhrif á framboð fræðslu og námskeiða.
- ❖ Að efla samstöðu um skólann meðal starfsmanna.

Það hefur verið samstarf við fræðslumiðstöðvarnar, bæði formlegt og óformlegt. Eins hefur fyrirtækið verið í samstarfi við aðra fræðsluaðila. Í “Okkar skóla” er boðið upp á námskeið til að auka persónulega hæfni, almenn námskeið og starfstengd námskeið, tómsundanámskeið og fagnámskeið fyrir sérhópa. Á síðasta ári fóru 200 starfsmenn af 450 á eitt eða fleiri námskeið. Fyrirtækið greiddi 6 milljónir fyrir námskeiðahald og er þá ekki inn í því vinnutap, nám erlendis osfrv. Um 90% námskeiðanna voru endurgjaldslaus.

Vinnustaðurinn sem lærdómsumhverfi – hlutverk stjórnenda og almennra starfsmanna.

Það er hlutverk stjórnenda að að búa til gott lærdómsumhverfi í fyrirtækjum. Þeir hafa mikið um það að segja hvernig starfsmenn líta á vinnutengdan lærdóm.

Það er mikilvægt að nýir starfsmenn fái upplýsingar um möguleika til starfsþróunar. Tryggð við fyrirtæki er að minnka, meiri hreyfanleiki á vinnuafli.

Það er ekki nóg að vera með fræðsluáætlun og fjármagn ef það er eitthvað í umhverfinu sem gengur ekki upp. Rannsóknir hafa sýnt að það eru þættir í ytra og innra umhverfi sem hafa áhrif á lærdóm í vinnunni:

Ytra umhverfi:

- i. Aukin samkeppni=aukinn þrýstingur
- ii. Tækniþróun
- iii. Kröfur neytenda
- iv. Löggjafinn setur ákveðinn ramma- löggjöf/starfsreglur- ekki síst í matvælaíðnaði.

Innra umhverfi:

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

- Skipulag og eðli starfanna
- Stjórnunarstíll
- Vinnustaðamenning (gildi, viðhorf, andinn í hópnum, stuðningur, sjálfstæði eða stýring í störfum.
- Þátttaka í ákvörðunum og þróun, t.d. vinnuferils og færni

Hugtakið lærdómur

- ❖ Ferli eða útkoma/afurð lærdómsferilsins? Hvernig fellur hann best að manni sjálfum? Ferli sem einstaklingur fer í þegar hann tekur á móti þekkingu.
- ❖ Félagslegt ferli? Það getur líka verið félagslegt ferli sem verður til við félagslegar athafnir. Þekking, lærdómur og færni verður til við þetta ferli.
- ❖ Tvíþætt ferli? (einstaklingsbundið/aðstæðubundið) Aðstæðubundið - einstaklingsbundið þ.a.l. tvíþætt.

Aðalbjörg sagði að það væri mikið að gerast í fræðslumálum í mörgum fyrirtækjum, MS meðal annars og hún hlakkar til að vinna með fræðslumiðstöðvunum. Reynsla hennar væri mjög góð af því samstarfi.

Föstudagur 27. apríl 2007

Kennum ferðapjónustu, María Guðmundsdóttir SAF

Námskráin “Kennum ferðapjónustu” er tilkomin eftir þarfagreiningu í ferðapjónustu sem unnin var að frumkvæði SAF. Það er nokkuð ljóst að þörf er fyrir aukna menntun í ferðapjónustunni. Lögð er áhersla á að mennta ófaglærða, í námskrá sem SAF og SGS hafa unnið að, eftir þessa þarfagreiningu. Farnar voru ferðir til nágrannalanda til að kynna sér hvað gert hefur verið þar.

Námskeiðin voru prufukeyrð í vor hjá Símei og Mími og standa útskriftir yfir þessa dagana.

Kennsluaðferðir skipta miklu fyrir þennan markhóp, sveigjanlegt vinnustaðanám. Námskeiðið er 60 stunda og skiptist í 20 kennslustunda lotur og er metið til 5 eininga á framhaldsskólastigi. Fyrsti hluti námsins er grunnnámskeið fyrir nýliða og sumarstarfsfólk upp á 20 stundir.

Sameiginlegur fundur er að lokinni prufukeyrslu, haldinn á Akureyri 15. og 16. maí. Einnig er fundur í Reykjavík 4. maí n.k.

Ljónið á veginum eru fyrst og fremst tregða innan fyrirtækja, tímaskortur, tungumálaörðugleikar. Eru næg tengsl símenntunarmiðstöðva við atvinnulífið þ.e. ferðapjónustufyrirtækin? Það er áskorun fyrir ófaglærða að hefja nám að nýju og það er tímafrekt að ná til ferðapjónustufyrirtækja.

Markaðssetning.

María mun vinna mikið, á næstu mánuðum, í markaðssetningu á náminu m.a. með blaðaskrifum og fréttum á heimasíðu og fréttabréfi. Maður á mann aðferðin er notuð hér sem víðar í fullorðinsfræðslunni. Kynningarfundir fyrir stjórnendur og fyrirtækjaheimsóknir eru framundan og kynning meðal stéttarféлага. Ætlunin er að virkja símenntunarmiðstöðvarnar og Mími sem og starfmenntasjóðina.

Námskráin fær vottun í haust í ráðuneytinu og er ætlunin að boðið verði upp á þetta nám, bæði á haustönn og vorönn.

Framhald

Fræðslufulltrúar SAF munu verða í tengslum við hverja símenntunarmiðstöð. SAF og SGS hlutu styrk úr Starfsmenntasjóði og mun hann verða notaður til að búa til framhald af ferðapjónustunáminu sem nemur 9 einingum. Þá munu einstaklingar verða komnir með 14 einingar að loknu tveimur námskeiðum.

Námskrár FA Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

Ingibjörg byrjaði á að minna á að jafningjafræðsla sé langöflugasta kynning til árangurs.

Ingibjörg sýndi svo samanburðarmynd sem sýndi árangursmarkmið og framkvæmd námskeiðanna. FA hefur verið að safna upplýsingum um markhópin eins og t.a.m. íslensku fyrir útlendinga. Hún veltir upp þeirri spurningu hvort ráðgjöfin sé að skila aukinni aðsókn á námskeiðin því aðsókn á námskeiðin er langt fram úr björtustu vonum. Þess utan er fólk að sækja inn á námskeið með öðrum en ekki til beinlínis til skrá yfir það.

Skipting eftir miðstöðum var sýnt bæði yfir námskeiðsfjölda sem og þátttakendur. Kynjahlutfall á námskeiðin er 75-80% konur.

Með þessum námskrám er komið orðspor um að nám sé að skila sér.

Brýrnar

Vorfundur Kvasir á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Skólaliðabréu eða sjúkraliðabréu o.fl. eru námsleiðir sem við getum boðið upp á hjá símenntunarmiðstöðvunum en þó með leyfi menntamálaráðuneytisins og ekki í samkeppni við framhaldsskólana. Til þess að geta farið í þetta nám þurfa einstaklingar að hafa náð ákveðnum aldri, náð ákveðnum fjölda námskeiðsstunda og hafa unnið í faginu í ákveðinn fjölda ára.

Námskrárnar

Ingibjörg fór yfir hvaða námsleiða er að vænta, hverjar eru í vinnslu og hvernig vinnan er við gerð námskráanna. Metnar námsleiðir eru nú orðnar sautján talsins, í ráðuneytinu eru tvær, í vinnslu þrjár og fjórar námskrár eru í undirbúningi. Þetta má sjá á blaði sem hún afhenti á fundinum.

Blanda af námi og raunfærnimati er nokkuð sem skoða þarf betur sem og bóklegt nám iðnaðarmanna.

Umræður urðu um þörf fyrir ákveðið nám sem mætti setja í námsleiðir, námskrár og þar kom fram að enska sé eitt af því sem spurt er um í stöðvunum.

Nám sem búið hefur verið til í námskrám hafa annars vegar verið til hjá ákveðnum stöðvum eða komið til vegna þarfagreiningar. Ingibjörg kallaði eftir hugmyndum að námsleiðum frá okkur því FA er tilbúið að aðstoða okkur við að vinna námskrár áfram.

Kynning á starfsmenntasjóðunum, Kristín Njálisdóttir Landsmennt


Kristín fór yfir sjóðina á svipaðan hátt og gert var á Markvissnámskeiði sem haldið var mánudaginn 23. apríl. Hún mun senda á miðstöðvarnar hugkortamynd sem sýnir á myndrænan hátt tengsl og aðildarhætti fræðslusjóða og stéttarfélaganna sem og einstaklinga. Hún kynnti jafnframt hvernig ákveðnir skólar og fræðslusetur eru rekin með stéttarfélagsgjöldum eins og t.a.m. Rafiðnaðarskólinn, Iðan fræðslusetur og Félagsmálaskóli alþýðu.

Fræðslusjóðir eru nokkrir sem grundvallast af kjarasamningum og má sjá það nánar á stóra hugkortinu sem Kristín hefur dreift á meðal stöðvanna.

Samtök atvinnulífsins

Átta aðildarfélag standa að SA. Sjá nánar mynd sem Kristín afhenti á fundinum.

Uppbygging Samtaka atvinnulífsins



Tölvumiðstöð fatlaðra býður upp á talgerfil þannig að skjólstæðingar þeirra eigi auðveldara með að sækja námskeið af ýmsum toga. Kristín fór fyrir vinnu sem auðveldaði fötluðum að kaupa forrit til að setja í tölvur sínar þannig að þeir geti sótt námskeið eins og aðrir. Þetta forrit er til í FA og er til sýnis fyrir okkur til kynningar. Kristín ætlar að biðja Ásmund í FA að senda á okkur frekari upplýsingar. Þetta verkefni kallast „Virkjum kraft lesblindra” og er niðurgreitt af sjóðunum, þó ekki Starfsafl enn, en það mun vonandi gerast líka.

Smári nefndi það við Kristínu að gott væri að samræma reglur milli sjóða og það Kristínu að koma því á framfæri.

Aðalfundur Kvasis

1. Námskeið í samvinnu milli miðstöðva

- Fræðslunet Suðurlands mun að öllum líkindum kenna framhaldsnám fyrir stuðningsfulltrúa næsta vetur í fjarkennslubúnaði á Suðurland. Hinar stöðvarnar geta fengið aðgengi að þessu námi.
- Símei mun kenna námskeið fyrir starfsfólk á sjúkrahúsum hér eftir og munu aðrar stöðvar geta átt aðgang að því framvegis.

Vorfundur Kvasir á Akureyri 9.-10. apríl 2008

- Námskeið í ferðapjónustunni sem keyrð verða á vorönninni, styrkt af Starfsmenntaráði komu til umræðu. Menn ræddu umfang og eðli þeirra.
- Emil gat þess að þörf væri á túlkanámi. Óskaði hann eftir samstarfi um það. Samfélagstúlkun: Alþjóðahús og HÍ eru aðilar að því og hefur það verið kennt á Vestfjörðum. Námið þarf ekki endilega að vera á háskólastigi og væri hugmynd að búa til námskrá hjá FA um það.
- Við þurfum að vera duglegri að miðla á milli okkar skemmtilegum hugmyndum af námskeiðum. Emil sagði frá hleðslunámskeiði sem var vinsælt á hans svæði. Hleðslunámskeið er námskeið í að hlaða riffilskot.
- Kennslutækni í fjarfundum. Fram kom að Erlendur Steinar hafi hugsað sér að HA setji af stað í haust námskeið í uppsetningu fjarfunda og kennslutækni fjarfunda.

2. Markviss

Erla Björg og Emil kynntu kostnað sem þeim finnst eðlilegt að hver miðstöð greiði vegna Markviss. Tillaga þeirra er að hver stöð borgi mánaðarlega 10.500 kr. vegna Markviss. Þessi greiðsla er hugsuð fyrir:

| | |
|-------------------|-----------|
| Heimasíðu | 50.000,- |
| Nýr bæklingur | 200.000,- |
| Samráðsfundir | 180.000,- |
| Mánaðarleg umsjón | 324.000,- |
| Ýmis verkefni | 150.000,- |

Menn voru almennt sammála að mánaðargjald sé til starfsmanna til utanumhalds og að Erla Björg og Emil verði starfsmenn Markviss.

Einnig var rætt hvaða taxta Markviss ráðgjafi ætti að miða við við útselda vinnu og voru menn sammála um að miða við 6.500 pr. klst.

NordPlus ferð

| | |
|-------------------------|---------------|
| Styrkur fékkst upp á | 113.400 d.kr. |
| Stjórnun og umsýsla | 5.400,- |
| Uppihald | 36.000,- |
| Ferðakostnaður | 72.000,- |
| Styrkur pr. þátttakanda | 6.300,- |

Flug

Hótel

Dagskrá í Danmörku

Ferð til Helsingborgar

Matur og uppihald

Styrkurinn dekkar ekki allan kostnaðinn við ferðina. Dagskrá um innihald ferðarinnar berst frá Emil og Erlu innan tíðar. Nokkur umræða varð um hvort Kvasir styrki ferð þessa að einhverju marki.

3. Samræming námskeiða og námskeiðslýsinga milli miðstöðva

Óli ræddi um það að oft þyrfti „mini námskrár“ grunnnámskeiðslýsingar m.a. til að hjálpa fólki sem flyst á milli landssvæða að halda áfram námi, þannig að mat sé á milli stöðva. Nokkrar umræður sköpuðust um málið. Bryndís gat þess sérstaklega að hjá henni væru starfsmenn sem unnið hafa námsefni og námslýsingar í ensku I og ensku II en það dugar vart til að komast í fyrsta áfanga í ensku í framhaldsskóla. Hún hefur sótt um styrk til að búa til ensku III og meta þau svo að það muni duga til að nemendur geti þá sótt fyrsta áfanga í ensku í framhaldsskóla.

Menn eru almennt sammála um að sameinast um námskrárvinnu fyrir stöðvarnar þannig að við hjálpumst að við að einfalda, en um leið bæta gæði námskeiðanna. Ætlunin er að fara fyrst í vinnu með: Íslensku fyrir útlendinga, Ensku og Tölvu- og upplýsingatækni, byrjendanámskeið. Símei er tilbúin að taka að sé tölvuhlutann. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er nú þegar í vinnu við námsefnisgerð í íslensku fyrir útlendinga og er Laufey Eiríksdóttir í Þekkingarneti Austurlands í vinnuhópi með þeim. Þekkingarsetur Þingeyinga og Farskólinn ætla að fara sameiginlega í vinnu við enskuna.

4. Emil bar upp brýnt samstarfsverkefni um Netháskóla

Emil telur það brýnt samstarfsverkefni að við sameinumst um netháskóla og vitnar í rannsókn Guðrúnar Rósu Þórsteinsdóttur um netháskóla í Frakklandi, Skotlandi, Kanada og Svíþjóð.

Emil hvetur okkur til að sækja í skrefum um styrk til umsýslu við háskólanám til menntamálaráðuneytisins. Þekkingarnet Austurlands fær í þetta núna u.þ.b. 15.000.000 á ári frá ráðuneytinu.

Þekkingarnet Austurlands fer fram á það að við veitum þeim umboð til að halda utan um framboð á háskólanámi fyrir okkar hönd.

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Selfossi 27. apríl 2007 ályktar:

Fundurinn fagnar umræðum um aukið samstarf og samræmingu á námsframboði í fjarnámi frá íslenskum háskólum.

Bent er á að samræming fjarnáms er mikilvægt hagsmunamál þeirra sem kjósa að stunda nám með fjarnámssniði og mikilvægt er að fjarnemar eigi þess kost að raða saman námi frá ýmsum háskólum til prófgráðu.

Hjá Þekkingarneti Austurlands er verið að þróa hugmyndir um netháskóla sem myndi virka sem samstarfsvettvangur háskóla sem bjóða fjarnám og fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.

Aðalfundur Kvasis 2007 styður þessa vinnu Þekkingarnetsins og að PNA leiði þróunarstarf á þessu sviði fyrir hönd fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis, enda verði nauðsynlegum upplýsingum um verkefnið miðlað til miðstöðvanna og efnt til samráðs þeirra eftir föngum.

Ályktunin var borin upp til samþykktar. Hún var samþykkt af öllum greiddum atkvæðum utan Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Smári sat hjá þar sem miðstöðin hefur ekki umsjón með háskólanámi og umræður hafa verið um netháskóla hjá Háskólasetri Vestfjarða.

Fundurinn ályktar jafnframt um stöðu mála varðandi FS-netið. Forstöðumenn eru sammála um að upplýsingar vanti um FS-netið, hver staða þess er og hvers sé að vænta í framhaldi.

5. Skýrsla stjórnar 2006-2007

Ína fór yfir starfsemina á árinu. Fékk hún ábendingu um að laga þyrfti bæði ártal og upphæð í skýrslunni. Leiðrétta skal ártalið 2005 í 2006 og upphæð 10.9 millj. í 9.9 millj.

6. Ársreikningar

Ásmundur Sverrir fór yfir ársreikninga og fékk ýmsar fyrirspurnir varðandi þá. Ásmundur gat þess að reikningar fyrir árgjaldi miðstöðvanna til Kvasis yrðu sendir út á næstu dögum. Reikningur var samþykktur. Sú ákvörðun

var tekin að hafa árgjald óbreytt, þ.e. 100 þúsund krónur á ári. Staðreyndin er að nokkur peningur er til í sjóði og samþykktu fundarmenn að stjórn fengi umboð til að ákvarða um styrk til niðurgreiðslu á Markvissnámskeiði símenntunarmiðstöðvanna í Danmörku nú í vor.

7. Starfsnefndaskil

❖ Leikn

Smári fór yfir stjórn Leiknar og verkefni síðastliðins árs. Frekari útlistun á starfseminni má sjá í fylgiskjali sem fylgir hér á eftir fundargerð. Hann gat þess að Leikn heldur úti heimasíðu þar sem félagsmenn Kvasis geta farið inn með:

Aðgangsorð leikn
Password smari

❖ Stjórn menntabráar

Stjórn Menntabráarinnar hefur ekki komið saman ennþá. Í henni sitja Smári fyrir hönd símenntunarmiðstöðvanna, Grettir fyrir hönd HÍ og Erlendur Steinar fyrir hönd HA. Smára er falið að fara í saumana á sammingsmálum Menntabráarinnar, bæði er varðar kostnað og hvernig gangi að uppfæra brúna.

❖ NVL

Gunna Stína hefur sent okkur upplýsingar á netinu jafnt og þétt og því ekki þörf að fylgja þessu sérstaklega eftir hér á þessum fundi.

❖ Skráningarkerfi FA

Jóhann í Farskólanum er í nefnd varðandi þessa vinnu og var haldinn fundur síðast 8. desember. Hann sagði okkur frá því að verið væri að vinna að miðlægu skráningarkerfi fyrir stöðvarnar í FA. Sumar miðstöðvanna eru í þeirri stöðu að þær hafa verið að bíða eftir þessum gagnagrunni og hafa verið að því lengi. Þetta eru fyrst og fremst þær stöðvar sem ekki hafa keypt Kópinn.

Fundurinn ályktar að nýja kerfið verði tilbúið til notkunar haustið 2007 og felur fulltrúa Kvasis að þrýsta á að svo verði.

8. Stjórnarskipti

Guðjónína Sæmundsdóttir víkur úr stjórn og í hennar stað kemur inn í stjórn Óli Halldórsson. Fundurinn þakkarínu vel unnin störf í stjórnarsetu hennar.

Önnur mál

- ❖ Inga Dóra færir í tal kröfu HÍ að opinber aðili taki á móti prófinu síðdegis á laugardegi. Fundarmenn voru sammála um að símenntunarmiðstöðvarnar sendu reikning til háksólanna fyrir allri slíkri aukavinnu, sem og yfirsetu.
- ❖ Inga Dóra gat þess að í allri umræðu um skólamál að ekki væri minnst á fullorðinsfræðslu. Fundurinn fór þess á leit við hana að hún skrifaði grein um fullorðinsfræðslu sem birt yrði í blöðunum á næstu dögum.

Afgreiðsla tillagna, ályktanir og kosningar

- ❖ Íslenskukennsla fyrir útlendinga. Ína lagði fram ályktun sem hún óskaði eftir að fundurinn sendi áfram til.....Ályktunin hljóðar svo:

Aðalfundur Kvasir haldinn á Selfossi 27. apríl 2007 ályktar:

Það framfararspor var stigið á þessu ári að stjórnvöld veittu verulega fjármuni til að mæta kostnaði við námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Féð átti að duga til að mæta fyrrnefndum kostnaði á vor- og haustönn 2007. Nú er svo að skilja að féð sé þegar gengið til þurrðar og ekki ljóst hvort framhald verði á fjárveitingu til kennslunnar í haust. Kvasir skorar á Menntamálaráðuneytið að tryggja að nægjanlegt fjármagn verði til íslenskukennslu í haust á sambærilegum kjörum. Einnig skorar Kasir á Menntamálaráðuneytið að koma þessum málum í fastari farveg, til frambúðar, þannig að allir aðilar viti að hverju sé gengið með nægum fyrirvara.

- ❖ Haustfundur 2007 verður haldinn á Egilstöðum 16. og 17. október og þemað verður Netháskóli.

Fundi slitið 16:10

Valgerður Guðjónsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir



Vorfundur Kvasir á Akureyri 9.-10. apríl 2008
Fræðslumiðstöðvar á landsbyggðinni
- Upplýsingar-

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
560298-2349
Skólavegi 1
230 Reykjanesbær

Guðjónína Sæmundsdóttir ina@mss.is
s. 421-7500

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
540199-3639
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Inga Dóra Halldórsdóttir ingadora@simenntun.is
s. 437-2390

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
511199-2049
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður

Smári Haraldsson smari@frmst.is
s. 456-5025

Farskólinn, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
460993-2379
v/Faxatorg
550 Sauðárkrókur

Bryndís Þráinsdóttir bryndis@farskolinn.is
s. 455-6010

Símey, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
660900-2090
Þórsstíg 4
600 Akureyri

Soffía Gísladóttir soffia@simey.is
s. 460-5720



Vorfundur Kvasir á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Þekkingarsetur Þingeyinga
670803-3330
Garðarsbraut 19
640 Húsavík

Óli Halldórsson oli@hac.is
s. 464-0444

Þekkingarnet Austurlands
490307-0360
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Stefanía Kristinsdóttir stefania@fna.is
s. 471-2838

Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja
630103-2230
Strandvegi 50
900 Vestmannaeyjar

Valgerður Guðjónsdóttir viska@eyjar.is
s. 481-1950

Fræðslunet Suðurlands
641199-2579
Tryggvagötu 25
800 Selfoss

Ásm. Sverrir Pálsson asmundur@sudurland.is
s. 480-8155



Stjórnarfundur hjá Kvasi 14. ágúst kl. 10:30 í húsnæði FA

Á fundinn voru mætt Ásmundur Sverrir Pálsson, Valgerður Guðjónsdóttir og Óli Halldórsson.

1. Ferðastyrkur vegna Markvissferðar

Stjórn fór yfir lokaskýrslu Erlu Bjargar Guðmundsdóttur vegna Markvissferðar símenntunarmiðstöðvafóks til Danmerkur sl. vor. Ákveðið ver að gjaldkeri skrifi undir þessa skýrslu og áftamsendi hana til Danmerkur. Lokaákvörðun um hugsanlegan styrk frá Kvasi í viðbót við þann styrk sem kemur frá Ciriuri verði greiddur þegar lokagreiðsla berst frá Ciriuri.

2. Háskólanámsumræða, greiðslur og kostnaður við fjarnám.

Stjórnin hefur á þessu stigi, eftir viðræður við Háskólann á Akureyri, ástæðu til að áætla að háskólinn sjái um að innheimta gjöld vegna aðstöðu háskólanema hjá símenntunarmiðstöðvunum á næsta skólaári.

Panta þarf fund með Stefáni Stefánssyni sem fyrst til að halda áfram umræðum um fjármögnun háskólanáms.

3. Fundur með fjárlaganefnd

Ásmundur Sverrir pantar fund með fjárlaganefnd þar sem við förum yfir gang mála sem fram hefur farið með Stefáni og Þorgerði Katrínu. Valgerður fái gögn frá Inu frá fundi með fjárlaganefnd á síðasta ári.

4. Fjármögnun íslenskunámskeiða fyrir útlendinga.

Ríkisstjórnin hefur nýlega samþykkt að veita 100 milljónum króna til íslenskukennslu fyrir útlendinga, sem ráðstafað verður á síðri hluta þessa árs. Stjórn Kvasis leggur áherslu á að úthlutunarreglur verði endurskoðaðar í ljósi reynslunnar eins rætt var um fyrir á þessu ári og þær reglur verði auglýstar sem allra fyrst.

5. Yfirlýsing Ingibjargar Hafstad

Rætt var um viðtal við Ingibjörgu Hafstad í útvarpi á Rás 1 nýverið. Stjórn mælir með félagsfundi varðandi það efni sem fyrst.

6. Haustfundur Kvasis

Senda þarf Stefaniú nýjum forstöðumanni samþykkt vorfundar um næsta haustfund. *Haustfundur 2007 verður haldinn á Egilstöðum 16. og 17. október og þemað verður Netháskóli.*

7. Gjaldkeri kom með fyrirspurn vegna kostnaðar við fundi.

Ásmundur Sverrir og Óli spurðu um hvernig greiðslu við kostnað við Kvasisundi er gerðir upp. Stjórn samþykkti að Óli sendi reikningi sem tilheyra hans stofnun eða honum sjálfum til samþykka til Ásmundar Sverris.

8. Árshátíð símenntunarmiðstöðvanna

Stjórn gerir það að tillögu sinni að Inga Dóra Halldórsdóttir verði stjórn innan handar við skipulag árshátíðar. Stjórn er hins vegar þeirra skoðunar að ef ekki er útlit fyrir góða mætingu frá stöðvunum á árshátíð þá sé grundvöllur hennar fyrir bí. Inga Dóra verði beðin að gera þátttökukönnun meðal stöðva áður en hún hefji mikið skipulag.

Fundi slitið 11:45

Valgerður Guðjónsdóttir



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Stjórnarfundur 25. 09. 2007 í húsi FA

Mættir á fundinn voru Ásmundur Sverrir Pálsson, Óli Halldórsson og Valgerður Guðjónsdóttir.

1. Haustfundur haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. október. Stjórn samþykkir að starsfólk Þekkingarnets Austurlands sjái um skipulag fyrri dags fundarins, sem gengur út á Netháskóla. Stjórn fagnar frumkvæði austanmanna í þessu máli.
2. Vinna að undirbúningi dagskrá fyrir haustfund sjá hér fyrir neðan.
3. Ganga þarf eftir afdrifum skýrslu um fjármögnun háskólaþjónustu á landsbyggðinni í menntamálaráðuneytinu. Ásmundur Sverrir reynir hafa samband við Stefán Stefánsson.

Fundi slitið 12:10
Valgerður Guðjónsdóttir



Stjórnarfundur 02. 11. 2007 í húsi FA

Mættir á fundinn voru Ásmundur Sverrir Pálsson, Óli Halldórsson og Valgerður Guðjónsdóttir.

4. Fundur með fjárlaganefnd verður haldinn 7. nóvember kl. 10:15. Stjórn Kvasis mætir öll þar, stjórnarfundur á Kaffi París kl. 9:00 fyrir fund.
Umræðuefni: Hækkun grunnframlags með rökum
Háskólanámið, þakka 3 milljónirnar en óska hækkunar Háskólanetið.
5. Haustfundurinn. Enn vantar gögn frá Egilsstöðum til að ljúk fundargerð.
Ásmundur Sverrir sendir ályktanir á þá staði sem samþykkt var á haustfundi.
Netháksólamál þurfa að komast í fjölmiðla með nafni Kvasis ásamt Þekkingarneti Austurlands.
6. Ljúka þarf eða fá niðurstöður úr samskiptum Kvasis og Alþýðuhúss.
7. Vorfundur. Tillögur að fundarefni eru:
Kennslufræðu fjarnáms
Kennsla í fjarfundabúnaði
Kalla eftir fleiru
8. Reikningur frá Nýherja v/Polycom þjónustusamnings. Óli greiðir þennan reikning að upphæð 400.000 kr.
9. Markvissferð símenntunarmiðstöðva til Danmerkur. Þörf að klára það mál.

Fundi slitið 14:45
Valgerður Guðjónsdóttir



Stjórnarfundur 07. 11. 2007 Kaffi París

Fundur haldinn á Kaffi París klukkan 9:00. Mættir á fundinn voru Ásmundur Sverrir Pálsson og Óli Halldórsson ritar fundinn. Valgerður var veðurteppt í Vestmannaeyjum.

1. Fundur með fjárlaganefnd sama dag kl 10:15 undirbúinn.

Rætt var um erindi Kvasis til fjárlaganefndar Alþingis, viðræður á undanförunum vikum við einstaka nefndarmenn og þær áherslur sem fram koma í erindinu. Áhersluatriði valin til að leggja upp við fjárlaganefnd á fundi síðar í dag.

Ákveðið að leggja áherslu á að fá bæði hækkað grunnframlag fræðslumiðstöðva og fá sérstakt framlag til þjónustu við háskólanám til þeirra stöðva sem því sinna.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 10:00
Óli Halldórsson

**Austurstræti 8-10
Reykjavík**

7. nóvember 2007

Efni: Beiðni um fjárveitingu til fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni

1. Til að sinna þjónustu við háskólanám (fjarnám) á landsbyggðinni¹
2. Til að sinna grunnverkefnum í símenntun og fullorðinsfræðslu.
3. Til þróunar á Netháskóla.

1. Háskólanám - fjarnám

Sex af níu fræðslumiðstöðvum á landsbyggðinni hafa sinnt fjarnemendum á háskólastigi án þess að hafa fengið greitt fyrir það hingað til. Þekkingarnet Austurlands og Þekkingarsetur Þingeyinga hafa gert samninga við menntamálaráðuneytið um slíka þjónustu. Fræðslumiðstöð Vestfjarða sinnir ein fræðslumiðstöðva ekki háskólanámsþjónustu, þar sem sú þjónusta á Vestfjörðum er á höndum Háskólaaseturs Vestfjarða. Háskólanámsþjónusta fræðslumiðstöðvanna varð upphaflega til vegna brýnnar þarfar og eftirspurnar eftir háskólanámi á landsbyggðinni án þess menn þyrftu að bregða búi um lengri eða skemmri tíma til að geta stundað námið. Fræðslumiðstöðvarnar lögðu í talsverðan stofnkostnað til að geta sinnt verkefninu auk annars kostnaðar, s.s. húsnæðiskostnaðar (kennslustofur, námsver o.fl.), prófa (í desember, maí og ágúst). Kostnaður við þessa þjónustu er umtalsverður og hafa fræðslumiðstöðvarnar staðið straum af honum með tekjum úr öðrum rekstri sínum.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir 3 milljónum til hvorrar af áður nefndum fræðslumiðstöðvum og ætlaðar til að standa undir kostnaði við háskóla-fjarnámið. Kvasir, samtök fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni, metur þessa fjárveitingu mikils og telur hana afar mikilvæga viðurkenningu á hlutverki miðstöðvanna við háskólanámsþjónustu á landsbyggðinni. Engu að síður fer Kvasir fram á að upphæðin verði hækkuð frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu endi sýni margendurteknir útreikningar, sem menntamálaráðuneytið hefur undir höndum, að þjónustan er verulega dýrari en sem nemur þessari upphæð.

Fram kom á fundi menntamálaráðherra og stjórnar Kvasis á útmánuðum þessa árs að það væri stefna ráðuneytisins að landsmenn ættu að eiga kost á því að stunda háskólanám sem næst heimabyggð. Það er í anda þessarar stefnu og nýrrar landsbyggðarstefnu ríkisstjórnarinnar að Kvasir leggur traust sitt á að neðangreind tillaga verði að veruleika.

Það er tillaga Kvasis að fjárveitingar til þessa þáttar í starfsemi áður nefndra 6 fræðslumiðstöðva verði 5 m.kr. árið 2008 og 7 m.kr. árið 2009.

2. Grunnverkefni við símenntun

¹Hér er átt við þær fræðslumiðstöðvar sem hingað til hafa ekki fengið greiðslur fyrir að sinna háskólanemum á landsbyggðinni.

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Skilgreiningu á grunnverkefnum fræðslumiðstöðvanna við fræðslu fullorðinna er að finna í stofnskrám þeirra. Meginmarkmiðin má draga saman í einum 7 liðum:

1. Að hvetja til þátttöku í hvers konar sí- og endurmenntun
2. Að hækka menntunarstig á viðkomandi svæðum
3. Að tryggja fjölbreytt námsframboð á svæðunum
4. Að veita aðgang að upplýsingum og kynna námsmöguleika fólks
5. Að veita ráðgjöf
6. Að vera frumkvöðlar í þróun fræðslumála
7. Að koma upp boðlegri aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn

Í samræmi við þessi grunnverkefni hefur menntamálaráðuneytið gert samninga við fræðslumiðstöðvarnar sem byggjast á fjárveitingum frá Alþingi.

Á undanförunum árum hefur samvinna miðstöðvanna við aðra aðila sem sinna fullorðinsfræðslu farið sívaxandi. Má þar nefna Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA), Fræðslusetrið Starfsmennt og Alþjóðahús auk stéttarfélaganna og atvinnurekenda á landsbyggðinni. Með þessu móti hefur náðst til sífellt stærri hóps fólks á vinnumarkaði sem hefur litla formlega menntun enda eykst aðsókn að ýmiss konar námskeiðum fræðslumiðstöðvanna þétt og oftast jafnt. Hér skal sérstaklega minnst á íslenskukennslu fyrir útlendinga og átak miðstöðvanna og FA til að ná til þeirra fullorðinna sem eiga við lesblindu eða lestrar- og skriftarörðugleika að stríða og helst hafa úr skóla af þeirri ástæðu.

Kvasir vísar til nýrrar byggðastefnu og mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar og gerir tillögu um að á næstu tveimur árum hækki framlagið til grunnverkefnanna við fullorðinsfræðslu á landsbyggðinni í 15 m.kr. árið 2008 og í 18 m.kr. árið 2009. Þannig nálgist fjárveitingin raunkostnað við grunnstarfsemina.

3. Netháskóli

Kvasir hefur staðið fyrir umræðu um þróun sk. Netháskóla, sem byggja á samræmingu fjárnámsframboðs og -framsetningar. M.a. stóð Kvasir ásamt fleirum fyrir ráðstefnu um Netháskóla á Egilsstöðum í október síðastliðinn.

Kvasir leggur áherslu á að þróun Netháskóla fái framgang og verði haldið áfram af fullum krafti á árinu 2008.

Með vinsemd,

F.h. Kvasis

Ásm. Sverrir Pálsson, formaður (asmundur@sudurland.is)

Óli Halldórsson, gjaldkeri (oli@hac.is)

Valgerður Guðjónsdóttir, ritari (viska@eyjar.is)



Samtök fræðslu og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Haustfundur Kvasis 2007

Netháskóli Íslands

Ráðstefna á Egilsstöðum, 16. október 2007

Hugmyndin er að halda opna ráðstefnu um Netháskóla í tengslum við vorfund Kvasis þann 16. október næstkomandi.

- Kl. 10:00 **Setning**, Arnór Guðmundsson
- Kl. 10:20 **Markmið ráðstefnu/vinnufundar**, fundarstjóri
- Kl. 10:30 **Viðurkenning háskóla, ný viðmið.** – Hellen Gunnarsdóttir
- Kl. 11:00 **Parfir nemenda og hlutverk símenntunarmiðstöðva**, Emil Björnsson
- Kl. 11:20 **Háskóli í heimabyggð**, Skúli Skúlason
- Kl. 11:40 **Mismunandi leiðir í þróun Netháskóla**, Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir
- Kl. 12:00 **Matur**
- Kl. 13:00 **Vefsíða (demó) fyrir samstarfsnet um dreifnám á háskólastigi**,
Sigurbjörg Jóhannesdóttir
- Kl. 13:30 **Vinnufundir, skipting í hópa:**
1. **Háskólahópur, samræmt mat og samstarf** (Guðrún Rósa)
 2. **Tæknileg samræming námsumhverfis** (Sigurbjörg)
 3. **Þróun staðbundins háskólanáms og netháskóli** (Ívar)
 4. **Kennslufræði í dreifnámi** (Óli Halldórs)
- Kl. 13:40 Hópastarf, hugarflug.
- Kl. 14:40 Kaffihlé
- Kl. 15:00 Kynningar hópa
- Kl. 15:40 Umræður
- Kl. 16:10 Dagskrárlök

Kl. 17:00 Óvissuferð (útvistarfatnaður)

Kl. 16:00 Dagskrárlök

Kl. 17:00 Óvissuferð

Miðvikudagur 17. september 2007 9:00

Fundur KVASIS

1. Starfsnefndaskil

- Leikn– Smári Haraldsson
- Menntabré stjórni – Smári Haraldsson
- **Gæðamál miðstöðvanna – Bryndís Þráinsdóttir og Smári Haraldsson**
- Skráningarkerfi FA – Jóhann Ingólfsson
- Starfshópur um menntun í ferðaþjónstu – Soffía Gísladóttir
- Námskrárgerð – Bryndís, Helena, Laufey og Soffía

10:30 Kaffi

2. Vinnuhópur um lesblindu -Anna Lóa Óskarsdóttir MSS.

3. Erlent / norrænt samstarf– Óli Halldórsson.

4. FS-netið, framtíð þess – Óli Halldórsson, Ásmundur Sverrir

12:00 Matur

12:45 – 14:30

Frh. fundar

5. Aðstöðugjöld, samningar við HA

6. Fjármögnun háskólanáms - Ásmundur Sverrir

7. Ummæli um íslenskukennslu og Alþjóðahús

8. Fundur með fjárlaganefnd

9. Haustfundur, árshátíð

10. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar – innlegg um sérstök áhugaverð verkefni.
Önnur mál

Haustfundur Kvasis 2007 – Egilsstöðum dagana 16.-17. október 2007

Priðjudagur 16. okt. 2007

Þema: Netháskóli

1. Setning

Stefanía setti ráðstefnuna og kynnti til sögunnar Arnór Guðmundsson, fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu, sem kynnti verkefnið um netháskólann.

2.Ávarp

Arnór Guðmundsson kynnti þá forvinnu sem framkvæmd hefur verið um netháskóla og fjarkennslu, með það að markmiði m.a. að auka þjónustuna við landsbyggðina. Um er að ræða verkefni um samstarfsnet háskólanna og símenntunarmiðstöðvanna.

Hann sagði fólk tilbúið að fara nýjar leiðir og hugsa ákveðna hluti upp á nýtt. Á síðasta ári fól menntamálaráðuneytið Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri að vinna úttekt á fjarnámi héraðs og erlendis og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir kynnti niðurstöður á ráðstefnunni.

Arnór þakkaði Kvasi fyrir þá samþykkt á vorfundi að fara þess á leit við Þekkingarnet Austurlands að leiða þessa vinnu m.a. í nafni Kvasis.

Arnór telur mikilvægt að símenntunarmiðstöðvarnar komi sér saman um ákveðnar hugmyndir um netháskólanám. Ástæða þess að Þekkingarnetið leiðir þessa vinnu er m.a. vegna þess að ÞNA fékk styrk til að setja upp vefsíðu um netháskólanám. Þetta er því miðlægur grunnur um háskólanám á Íslandi (verður svo og um háskólanám erlendis.)

Samruni í háskólaumhverfinu á Íslandi á að geta auðveldað allt framboð á háskólanámi, sem og frekari þróun á framboði og þjónustu á háskólanámi á landsbyggðinni. Arnór gat þess að netháskólar hefðu hingað til verið hugsaðir út frá fjarkennslu og það væri sú hugsun sem unnið væri með enn.

Í framhaldinu fór Stefanía nokkrum orðum um það umhverfi sem símenntunarmiðstöðvarnar vinna í varðandi háskólanám.

Hún varpaði fram þeirri spurningu hvort netháskólinn gæti nýtt sér þau fjarskipti, það samstarf og þá sérfræðipekkingu sem er að finna á meðal starfsfólks símenntunarmiðstöðvanna og myndi ekki síður nýtast þeim sem sækja þjónustu til símenntunarmiðstöðvanna.

3. Viðurkenning háskóla, ný viðmið

-Hellen Gunnarsdóttir, vísinda og háskóladeild
Menntamálaráðuneytisins-

Lög um háskóla tóku gildi 2006, en endurskoðuð voru lög frá árinu 1996. Í nýsettum lögum varð breyting varðandi einkarekna og ríkisrekna skóla, þ.e. fylgt eftir sömu þróun og er í Evrópu um þessi mál. Hellen fór gróflega yfir þá vinnu sem er og hefur verið unnin í menntamálaráðuneytinu. Skilgreiningar á háskólum og ólíku starfi þeirra er viðurkennt í þessum nýju lögum. Nú er í fyrsta skipti skilgreint hvað er í boði hjá hverjum háskóla og er það verk menntamálaráðherra að skipa starfshóp sem hefur þá vinnu á höndum. Háskólunum eru veittar viðurkenningar sem grundvallast á ákveðnum fræðasviðum og undirflokkum þeirra. Tilnefndir voru sérfræðingar í nefndir til að fara yfir umsóknir. Þessi nýju lög menntamálaráðuneytisins bera keim af því sem gengur og gerist hjá öðrum þjóðum. Menntamálaráðherrar hittast á tveggja ára fresti til að bera saman bækur sínar. Hellen fór nokkrum orðum um ECTS námseiningakerfið og hvernig allt mat á námi á Íslandi er nú metið eftir þessu kerfi, (komið í lagatexta). Ný lög ráðuneytisins veita háskólunum aukið sjálfstæði og það er aukin viðurkenning á sérsviði hvers háskóla. Með þessum nýju lögum verður gæðaeftirlit mun virkara.

Háskólar geta nú boðið fram sameiginlegar prófgráður. Hingað til hefur ekki verið heimild fyrir sameiginlegum prófgráðum. Nú er það orðið að raunveruleika, en hvernig útfærslunni er háttað verður að skoða frekar. Sameiginleg prófgráða þarf að vera skilgreind fyrirfram til að tryggja réttindi nemenda.

Menntamálaráðherra hefur gefið út formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður (Qualification Framework). Þetta er gert til að auðvelda einstaklingum að fara með nám sitt á milli skóla/landa og fá það metið. Þetta einfaldar um leið að staðsetja hvern og einn nema á þann stað sem hann er staddur í námi sínu hverju sinni. Viðurkenningarferillinn er eitt en gæðaviðmiðin annað. Þetta verk er í bið þar til vinnu um gæðaviðmið lýkur (2008)

Háskólakerfið: sjá mynd í glærum.

Í samningi menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands (sem gerður er til þriggja ára og er árangurstengdur) er kveðið á um samstarf við allar sámenntunarmiðstöðvar í landinu.

Í undirbúningi eru rammalög um opinbera háskóla en nú eru í gildi sérlög um KHÍ, HÍ og HA annars vegar og svo hina háskólana hins vegar. Nú er hugmynd að gera ein lög um opinbera háskóla. Tækifæri eru fólgin í að skoða tengsl símenntunarmiðstöðva við háskólana í gegnum þessi lög.

4. Þarfir nemenda og hlutverk símenntunarmiðstöðva.

-Emil Björnsson, PNA-

Emil kynnti starfsemi símenntunarmiðstöðvanna og lagði á það áherslu að það væri fyrst og fremst einstaklingurinn sem þar nemur, þarfir hans og námsleg framgangur sem skipti höfuðmáli m.t.t. þjónustu símenntunarmiðstöðvanna.

Sjá glærur!

5. Háskóli í heimabyggð

-Skúli Skúlason rektor Háskólans á Hólum-

Skúli kom inn á að áður hefði verið talað um mikilvægi háskólastarfs en nú værum við komin á framkvæmdasviðið. Háskóli í heimabyggð tengir hann við sérstöðu svæðisins og eykur þar með þekkingarstig þess samfélags þar sem háskólinn er. Það eflir nýsköpun og frumkvöðlaanda í öllu atvinnulífi og menningu samfélagsins þar sem háskólinn hefur hreiðrað um sig. Skúli skipti háskólum, annars vegar í almenna háskóla eins og HÍ og HA og hins vegar sérhæfða háskóla eins og t.a.m. á Hólum. Háskólinn á Hólum hefur valið landbúnaðinn á Íslandi sem verkefni til að sérhæfa sig í með öðrum greinum, þ.e. ferðaþjónusta o.fl. Háskóli í heimabyggð á að byggja á þeirri sérstöðu sem svæðið býður uppá.

Á Hólum er löng saga mennta og menningar og sérhæfing í mikilvægum greinum (hestafræði og fleira). Háskólinn á Hólum gerir ráð fyrir enn meiri sérhæfingu á næstu fimm árum.

Sjá upptalningu á glærum frá Skúla.....

Þekkingarsamfélagið á Hólum skapar allt að 80 störf á ári þannig að það er ljóst að háskóli í heimabyggð skapar fleiri störf og vöxtur svæða, eins og á Hólum er jákvæður fyrir byggðarlög og/eða lítil sveitarfélög. Skúli kom inn á það sjálfstæði og frelsi sem háskólar í heimabyggð verða að fá að hafa, sem og það að háskóli er ekki gróðrastofnun heldur þurfa þeir á fjárhagslegum bakhjörllum að halda.

6. Mismunandi leiðir í þróun netháskóla

-Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir-

Sjá glærur, endurtekning frá því í menntamálaráðuneyti sl. vor.

Svíþjóð: 14 rannsóknarháskólar

22 kennsluháskólar

Í Svíþjóð á nú að leggja niður yfirbygginguna um netháskólann en vefsíðan og sjálf hugmyndafræðin heldur áfram en verður vistað hjá hverjum og einum háskóla sem er með í verkefninu. Sjá upplýsingar á vefsíðu: www.netuniversitet.se

Skotland: Áralöng reynsla á háskólanámi og mikill fjöldi nema við skólana.

Kanada: Engin ein heildarstefna.

Frakkland: Ólíkast hinum og þá okkar háskólakerfi. Lagt meiri áhersla á tækni á kostnað kennslufræði.

7. Vefsíða (demó) fyrir samstarfsnet um dreifinám á háskólastigi.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir Menntanet ehf.

Markmið vefsíðunnar. Vefsíða kynnt, farið yfir kosti og galla.

Sjá glærur...

8. Vinnufundur

- ❖ Hópur 1: Háskólahópur, samræmt mat og samstarf / Þróun staðbundins háskólanáms og netháskóli.
- ❖ Hópur 2: Tæknileg samræming námsumhverfis / kennslufræði dreifnáms

9. Kynning hópa

Hópur 1. Hópstjórar kynntu niðurstöður en þeir voru Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir og Ívar Jónsson

Hópur 2. Hópstjórar kynntu niðurstöður en þeir voru Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Óli Halldórsson.

Vantar niðurstöður úr hópastarfi – Stefanía ætlaði að senda!

Haustfundur Kvasis

Mætt voru: – Guðjónína Sæmundsdóttir og Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Inga Dóra Halldórsdóttir og Svava Björg Svavarsdóttir frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Bryndís Þráinsdóttir frá Farskólanum á Norðurlandi vestra, Soffía Gísladóttir, Erla Björg Guðmundsdóttir og Valgeir Blöndal Magnússon frá Símei-símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Óli Halldórsson, Helena Eydís Ingólfsdóttir, Guðrún Brynjarsdóttir og Erla Dögg Ásgeirsdóttir frá Þekkingarsetri Þingeyinga, Stefanía Kristinsdóttir, Emil Björnsson, Laufey Eiríksdóttir frá Þekkingarneti Austurlands, Ásmundur Sverrir Pálsson og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir frá Fræðsluneti Suðurlands, Valgerður Guðjónsdóttir frá Visku-fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Ásmundur setti fund kl. 9.10 í húsnæði Þekkingarnets Austurlands.

1. Starfsnefndaskil

Leikn - Smári Haraldsson –

Annar aðalfundur Leiknar var haldinn föstudaginn 25. maí 2007. Á þeim fundi var stjórnarkjör og voru eftirtalin kosin í stjórn. Þau skiptu síðan með sér verkum á fyrsta fundi.

Smári Haraldsson (Frmst) var kjörinn formaður á aðalfundinum. Hulda Ólafsdóttir (Mímir – símenntun, varaformaður), Guðjónína Sæmundsdóttir (MSS, gjaldkeri), Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, ritari) og Hildur Elín Vignir (IÐAN fræðslusetur, meðstjórnandi).

Varafulltrúar í stjórn voru kjörin Björg Árnadóttir (Námsflokkar Reykjavíkur) og Emil Björnsson (ÞNA).

Fyrir aðalfundinn gengu Fræðslunet Suðurlands og Námsflokkar Hafnarfjarðar í samtökin.

Að Leikn standa þá 18 aðilar. Þeir eru:

- Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
- Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra
- Framvegis, miðstöð um símenntun
- Fræðslu- og símenntunarmiðstöðin Viska
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fræðslumiðstöð Þingeyinga
- Fræðslunet Austurlands
- Fræðslunet Suðurlands ses.

Fræðslusetur iðnaðarins
Kvöldskóli Kópavogs
Menntasmiðjan á Akureyri
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Mímir-símenntun
Námsflokkar Hafnarfjarðar
Námsflokkar Reykjavíkur
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Fræðslusambandið Símennt var einn stofnaðila, en hefur nú verið lagt niður.

Stjórnin hélt 6 bókaða fundi milli aðalfunda 2006 og 2007 og hefur haldið 2 bókaða fundi frá aðalfundinum.

Með breytingum á starfsemi Menntar féll niður þjónusta Menntar við Leikn. Þess vegna var ákveðið að sá aðili sem formaður kæmi frá tæki að sér að sjá um daglegan rekstur og heimasíðu Leiknar. Anna Guðrún Edvardsdóttir verkefnisstjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur það hlutverk á höndum. Netfangið hjá Önnu er anna@frmst.is

Heimasíða Leiknar var áður hjá Mennt, en með áðurnefndum breytingum varð að endurhanna hana og færa. Var fyrirtækið Snerpa ehf á Ísafirði fengið til verksins og hefur nú lokið hönnun heimasíðunnar. Slóðin er leikn.is.

Af erlendum samskiptum hefur Leikn aðallega einbeitt sér að samstarfi með norrænum systursamtökum og samtökum í Eystrasaltsríkjunum, sem vinna með norrænu samtökunum. Þá er Leikn orðin aðili að Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) en hefur aðallega látið norrænu aðilunum eftir að vera okkar fulltrúar á þeim vettvangi. Leikn hefur ekki gerst aðili að Alheimssamtökunum (ICEA).

Í nóvember n.k. er fyrirhugað að haldinn verði félagsfundur Leiknar í tengslum við ráðstefnu í samvinnu við NVL á Íslandi og Mími – símenntun. Verður fundurinn og ráðstefnan væntanlega haldin í Norræna húsinu í Reykjavík. Er vonast til þess að félagsfundurinn og ráðstefnan verði upphafið að meiri innra starfi samtakanna, en á fyrstu starfsárum hefur aðaláhersla verið lögð á að byggja upp innviðina og á erlend samskipti.

❖ **Menntabré - Smári Haraldsson**

Stjórn Menntabréar hefur ekki enn haldið formlegan fund, fundir þar haldnir óformlega þegar Erlendur Steinar, Grettir og Smári eru á sama stað. Grettir heldur utan um menntabréna fyrir símenntunarmiðstöðvarnar. Menntabréin var uppfærð í fyrra og var það þungt verkefni og gekk ekki sem skyldi. Nú á brúin að vera komin í samt lag en spurning hvort þörf sé á að stækka hana. Smári sagði að farið yrði í þá vinnu á næstunni. Reikningur er á leiðinni,

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

upp á 600 þúsund krónur sem skiptist á stöðvarnar. Smári nefndi að hann ætti raunar ekki að vera í stjórn Menntabráar vegna þess að miðstöðin hans er afar lítið í fjarkennslu og notar brúna lítið. Nýr aðili í stjórn Menntabráar verður frá Þekkingarneti Austurlands.

Emil spurði hvers vegna RH-netið og FS-netið væri ekki sameinað.

www.menntabru.rhent.is

Staðið hefur til að halda námskeið í hvernig tengja á fundi inn á Menntabráunni, brýnt að koma því á. Einnig þarf að hafa einn aðila í hópnum til að vakta brúna þegar fundir standa yfir. Stefnt er að námskeiði í nóvember eftir að Vodafone hefur formlega tekið við FS-netinu.

Sjá fylgiskjal frá Smára

❖ **Skráningarkerfi FA - Jóhann Ingólfsson.**

Bryndís greindi frá stöðu mála fyrir hönd Jóhanns. Það hefur hvorki gengið né rekið í þessu máli og eru símenntunarmiðstöðvarnar orðnar heldur leiðar yfir þessum seinagangi, en þau kerfi sem eru í notkun eru orðin gömul, úrelt og seinvirk. Fundurinn er sammála um að senda ályktun um þetta efni. Ályktunin hljóðar svo:

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Egilsstöðum, 17. október 2007 ályktar eftirfarandi:

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, leggur áherslu á að vinnu við þróun skráningarkerfis fyrir fræðsluaðila í símenntun verði hraðað eins og kostur er. Skráningarkerfi símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni eru meira og minna að verða úrelt, eða hreinlega ekki til staðar. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa haldið að sér höndum við að endurnýja skráningarkerfi sín þar sem beðið er eftir miðlægu skráningarkerfi á vegum FA. Ljóst er að símenntunarmiðstöðvarnar geta ekki beðið mikið lengur í óvissu um þessa hluti og óska því eftir því að vinnu við skráningarkerfið verði lokið og það tilbúið til notkunar í síðasta lagi 1. júní 2008.

Virðingarfyllt f.h. Kvasis, Óli Halldórsson (sign.) Soffía Gísladóttir (sign.)

❖ **Starfshópur um menntun í ferðaþjónustu - Soffía Gísladóttir -**

Vorfundur Kvasir á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Starfshópur þessi hefur nú þegar gefið út eina námskrá og nú er að fara af stað vinna við aðra, lengri námskrá (100 stunda). Kemur þessi námskrá til með að heita Kennum ferðapjónustu II. Menn voru almennt sammála um að hundrað stunda námskeið sé of langt. Betra væri að gera frekar tvö styttri námskeið. Erla er í stjórn þessa starfshóps fyrir hönd símenntunarmiðstöðvanna. Stefanía gat verkefnisins Hagvöxtur á heimaslóð sem vaxtasamningar hafa komið að og atvinnuþróunarfélögin einnig. Á Austurlandi hefur ágætlega tekist til að fá einyrkjana á þau námskeið og felst það fyrst og fremst í því að þeir einstaklingar eru heimsóttir.

Inga Dóra gat þess að ferðapjónustuklasi sem nefnist All Senses væri starfandi á Vesturlandi. Þessi hópur hefur mikinn áhuga á þessum námskrám og vill setja af stað ferðapjónustunámskeið á tveimur stöðum á Vesturlandi nú í vor. Menn voru annars sammála um að erfiðlega gengi að draga fólk á þessu námskeið.

❖ **Námskrágerð** - Bryndís, Helena, Laufey og Soffía.

Helena og Erla kynntu drög að námskrá sem símenntunarmiðstöðvarnar á Norðurlandi hafa unnið. Námsefnið kemur fyrst og fremst frá Farskólanum. Menn voru beðnir að skoða þessa námskrá og senda athugasemdir til Helenu. Ingibjörg Elsa í FA telur að ekki verði hægt að meta þessa námskrá eða gefa hana út í anda bláhvítu námskránnar vegna þess að efnið er ekki hægt að meta á framhaldsskólastigi. Ína gat þess að það ætti líklega eftir að breytast. Ingibjörg Elsa bauð hins vegar fram hönnunarvinnu á útliti námskránnar og menn eru sammála um að þiggja það. Upp úr þessu spannst umræða um námskrár almennt og hvernig þær skuli vinna, m.a. námskrá fyrir tölvunámskeið.

❖ **FS-netið, framtíð þess** – Sigurður Davíðsson-

Fs-netið var boðið út og gerðu 7 aðilar tilboð í það. Tilboði Vodafone (Fjarskipta) var tekið í víðnetið og tilboði Símans í Internetgáttina. Sigurður var búinn að senda nánari upplýsingar á allar símenntunarmiðstöðvarnar í tölvupósti. Ákveðið var að Sigurður myndi útbúa einblöðung til upplýsingar um FS-netið og nýja samninga og einblöðungnum yrði dreift til sveitarfélaganna á hverju svæði.

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

Samþykkt var á fundinum að Jóhann Ingólfsson tæki sæti Péturs Inga Björnssonar í stjórn FS-netsins fyrir hönd símenntunarmiðstöðvanna. Bilanþjónusta er á vegum Vodafone.

❖ **Erlent /norrænt samstarf** – Óli Halldórsson-

Innan norrænu ráðherranefndarinnar er stýrihópur um fullorðinsfræðslu, en NVL (norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu) er þar undir og innan NVL eru 10 fulltrúar. Undir NVL eru 15-20 hópar starfandi í hinum ýmsu verkefnum. Anna Vilborg Einarsdóttir hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er tengiliður í NVL og hún aðstoðar ef upp koma óskir um ákveðin verkefni innan NVL. Óli minnti einnig fólk á að kynna sér nýja NordPlus áætlun.

10. Aðstöðugjöld, samningar við HA

Ákveðið var á síðasta vorfundi að stjórn fundaði með aðilum HA varðandi aðstöðugjöld og jafnframt að skólinn greiddi prófgjöld. Þetta er verið að ræða innan HA og eru menn jákvæðir að skólinn taki að sé að rukka aðstöðugjald af nemenda en ekki símenntunarmiðstöðvarnar og símenntunarmiðstöðvarnar rukku síðan HA.

Á fundinum kom fram fyrirspurn um hvort lagaleg stoð væri fyrir því að innheimta próftökugjald.

Samþykkt var að halda viðræðum áfram við HA um það hvernig þessum málum verði háttað.

11. Ummæli um íslenskukennslu og Alþjóðahús

Skiptar skoðanir voru um þá ályktun sem fór frá stjórn Kvasis varðandi ummæli Ingibjargar Hafstað um íslensku fyrir útlendinga.

12. Fundur með fjárlaganefnd

Rætt var hvað fulltrúar Kvasis ættu að leggja áherslu á á fundi fjárlaganefndar. Samþykkt var að leggja áherslu á að fá herra framlag til símenntunarmiðstöðvanna í umsýslu vegna háskólanáms sem og að brýnt sé að hækka grunngjaldið til stöðvanna til að þær geti veitt alla þá þjónustu sem þeim er ætlað.

13. Haustfundur, árshátíð

Árshátíð verður haldin í Borgarnesi 17. nóvember nk.

Fólk var sammála um að breyta fyrirkomulaginu í framtíðinni og var málinu vísað til stjórnar Kvasir.

14. Innlegg um sérstök áhugaverð verkefni. - Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar

Rætt var hvort símenntunarmiðstöðvarnar ættu að kynna sérstaklega hvernig íslenskukennslu fyrir útlendinga er háttað á hverju svæði fyrir sig.

15. Önnur mál

Uppgjör vegna Markvissferðarinnar til Kaupmannahafnar var rætt. Kvasir greiddi námskeiðsgjaldið en eftirstöðvar af styrknum verður deildt jafnt á þátttakendur.

Fundi slitið kl. 14.30.

Valgerður Guðjónsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008
Stjórnarfundur 14. 01. 2008 í húsi FA

Mættir á fundinn voru Ásmundur Sverrir Pálsson, Óli Halldórsson og Valgerður Guðjónsdóttir.

1. Vorfundur haldinn á Akureyri dagana 2.-3. apríl 2008. Skipulag hans verður unnið í samstarfi við Símei. Þema fundarins verður “hinir minna menntuðu á atvinnumarkaði og hvaða menntunarræði eru í boði”. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa verið að kenna vottaðar námsleiðir m.a. til að undirbúa fólk undir nám við brýr í framhaldsskólunum. Stjórn hyggst bjóða fulltrúum úr framhaldsskólunum og þeim aðilum sem standa að fyrrnefndum vottuðum námsleiðum (brýr) til vorfundarins til að ræða þau úrræði sem í boði eru. Símei fær það hlutverk að kalla til fyrirlesara á fundinn í samvinnu við stjórn Kvasis. Drög að dagskrá verða til fyrir næsta fund.

2. Stjórn leggur til að árshátíð verði ekki tengd vorfundi á Akureyri 2008. Felur stjórn nýrri stjórn að móta reglur um árshátíðir framtíðarinnar.

3. Kostnaður vegna stjórnarsetu. Valgerður sendir í vikunni yfirlit yfir stjórnarfundum ársins 2007.

4. Heimasíða Kvasis. Arngrímur Arnarson frá Outcome kynnir tilboð sem hann og fyrirtækið gerir Kvasi í heimasíðu fyrir samtökin. Hann fór yfir hvernig Outcome hyggst þjónusta Kvasi með heimasíðu. Einnig hélt hann stutta kynningu á því í hvernig hægt er að vinna með síðuna. Stjórn ákveður að taka tilboði Outcome og felur Óla að staðfesta það við Arngrím. Stefnt er að því að unnin verði innan mánaðar uppsetning heimasíðu fyrir Kvasi og hún síðan kynnt á vorfundi á Akureyri.

5. Námskeið fyrir forstöðumenn, samningatækni. Stjórn samþykkir að semja við Silju Báru Ómarsdóttur um sex tíma námskeið í samningatækni. Kvasir greiði fyrir forstöðumenn stofnanna á námskeiðið og farið verði fram á að námskeiðið verði haldið í húsnæði FA. Valgerði er falið að semja við Silju Báru og sjá um framkvæmd.

Fundi slitið 12:00

Valgerður Guðjónsdóttir

Hr. deildarstjóri símenntunardeildar
Stefán Stefánsson
Menntamálaráðuneytinu við Sölvhólgötu

Vika símenntunar

Selfossi, 12.02.08

Undanfarin ár hefur vika símenntunar verið haldin árlega á hausti hverju. Vikan hefur orðið til þess að vekja athygli á símenntun og möguleikum fullorðins fólks um land allt til menntunar og þannig þjónað tilgangi sínum að verulegu leyti.

Nauðsynlegar ákvarðanir um viku símenntunar hafa oft ekki legið fyrir fyrr en á haustdögum og fræðslumiðstöðvarnar þ.a.l. haft lítinn tíma til undirbúnings hennar. Það er því vinsamleg ósk Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, að símenntunardeild menntamálaráðuneytisins beiti sér fyrir því að ákvörðun um efni og innihald vikunnar árið 2008 verði tekin það snemma að fræðslumiðstöðvarnar geti hafið undirbúning hennar þegar á vori komanda.

F. h. Kvasis,

Ásm. Sverrir Pálsson
formaður

Mættir á fjarfundinn kl. 13:15 voru Ásmundur Sverrir Pálsson, Óli Halldórsson og Valgerður Guðjónsdóttir.

- ❖ **Vika símenntunar.** Ásmundur sendi bréf til menntamálaráðuneytis og fór fram á að þema eða skipulag viku símenntunar yrði ákvarðað hið fyrsta. Bréfs er að vænta frá menntamálaráðuneyti.
- ❖ **Heimasíða Kvasis.** Lénið kvasir.is er upptekið, en ekki í virkri notkun. Óli ætlar að skoða hvort sá sem lénið á sé tilbúinn að láta það af hendi. Aggi er svo að vinna með heimasíðuna og er það stefna stjórnar að opna þessa nýju heimasíðu Kvasis á vorfundi 9.-10. apríl nk. Óli ætlar einni að skoða logomál Kvasis þar sem logoið okkar er ekki í nógu góðri upplausn fyrir heimasíðun.
- ❖ **Norræn ráðstefna um gæði í fullorðinsfræðslu í Stokkhólmi í maí.** Stjórn Kvasis hefur fengið erindi frá Emil varðandi hvort einhver úr okkar röðum sé á leið á þessa ráðstefnu og hvort styrkja skuli einhvern til fararinnar. Stjórn Kvasis er sammála um að það sé kki hennar hlutverk að beita sér beinlínis fyrir því að senda fólk á ráðstefnur og yfirleitt ekki að eiga frumkvæði að slíku. Stjórn Kvasis hvetji menn hins vegar til að nýta sér alla þá styrki sem í boðið eru til að sækja fundi og ráðstefnur. Kvasir borgi hins vegar í einhverjum tilfellum ef upp á vantar og málefnið getur nýst samtökunum. Soffía hafði hins vegar ætlað að sækja um mannaskiptaverkefni fyrir hópinn. Kanna þarf hvar það mál stendur. Stjórn ræddi nokkuð hvenær styrkja megi vænta frá Kvasi fyrir félagsmenn og hvenær ekki. Þörf er á að skerpa á reglum þar að lútandi.
- ❖ **Markviss.** Erla Björg sendi inn erindi um styrk vegna Námsstefnu starfsmanna í stéttarfélögum, sem haldin verður 7. mars að Hamri í Borgarfirði. Hún var beðin að koma þar og kynna Markviss. Stjórn er tilbúin að borga ferðakostnað sem af þessu hlýst. Dagana 22.-23. mars er von á Bent Nibling með námskeið fyrir símenntunarmiðstöðvarnar og Markvissráðgjafana. Erindi kom frá þeim Erlu og Emil vegna þessa og hvernig best væri að útfæra námskeið sem þetta. Valgerði er faið að ræða við Erlu um hvernig

Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008

kosta skuli komu Bents og hverjir skuli eiga aðgang að námskeiði sem þessu.

- ❖ **Vorfundur Kvasis** verður að þessu sinni haldinn dagana 9.-10. apríl á Akureyri. Eitt af þeim atriðum sem þar verða til umræðu eru námskrár FA og hvernig framhaldsskólarnir taka á þeim einingum sem nemendur símenntunarmiðstöðvanna hafa náð sér í á fagnámskeiðum. Afar misjafnt er hvernig framhaldsskólarnir taka á einingum sem fengnar eru af þessum námskeiðum.

Ásmundur Sverrir styngur upp á því að fá einhvern frá Félagi framhaldsskóla til að flytja erindi um viðhorf þeirra framhaldsskólamanna til námskráanna. Einnig væri gott að fá t.a.m. einhvern frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti til að segja frá hvernig þetta er gert þar, en heyrst hefur að það hafi gengið vel fyrir sig. Einnig væri afar passandi að fá Hjalta Jón Sveinsson til að koma með erindi en hann er skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri. Einni komi erindi frá okkur um upplifun okkar á námskránum og viðtökum þeirra.

Félagsfundur Kvasis verður að þessu sinni haldinn fyrri daginn kl. 13:00-17:00 og önnur fundurinn seinni daginn frá kl. 10:00-16:00.

- ❖ Óli upplýsir um ráðstefnu sem haldin verður á Akureyri í haust. Hún ber nafnið samræða á milli skólastiga. Soffía og Óli koma að undirbúningi hennar. Mikilvægt er að ekki verði of mikil skörun á milli vorfundarins og ráðstefnunnar.
- ❖ Senda skal inn ferðareikninga vegna stjórnarfunda Kvasis fyrir föstudaginn 22. febrúar.

Fundi slitið 15:00

Valgerður Guðjónsdóttir

Sæl aftur.
Kvasir vill vinsamlega vera með í umsókninni.
Kveðja,
-ásp

Vorfundur Kvasir á Akureyri 9.-10. apríl 2008

-----Original Message-----

From: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir [mailto:ingibjorg@frae.is]

Sent: 26. febrúar 2008 13:03

To: hulda@mimir.is; Ásmundur S. Pálsson

Subject: Umsókn um rannsókn

Sæl,

Starfsmenntaráð auglýsir umsóknir um styrki. Meðal áhersluatriða eru rannsóknir, en þetta er í fyrsta skipti sem ráðið leggur þessa áherslu. FA hefur hug á að sækja um stóra rannsókn og hefur fengið til liðs við sig Landsmennt, Starfsafl og Starfsmenntasjóð verslunar og skrifstofufólks, Starfsgreinasamband Íslands og VR. Við leitum til ykkar þ.e. Kvasir og Mímir-sámenntun eftir samstarfi við þetta verkefni, auk þess verður leitað til LíV og SA.

Markmið rannsóknarinnar tengist yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að eingöngu verði 10% vinnuafslsins án framhaldsskólamenntunar árið 2020. Einnig benda úttektaraðilar á starfsemi FA á að lítið sé til af upplýsingum um markhóp FA. Við teljum því mikilvægt að afla upplýsinga bæði hjá þeim sem tekið hafa námsleiðir á vegum FA, en einnig þeirra sem hafa ekki sótt sér nám. Bæði verður um spurningakönnun (megindlega) að ræða, en einnig dýptarviðtöl og rýnihópa (eigindlega rannsókn).

Markmiðið er að setja upp stýrihóp fólks (og aðila) sem hafa reynslu og þekkingu á málefnum. Ráða síðan aðstoðarmanneskju til að búa til spurningalista og leggja upp rannsóknina. Loks verður leitað tilboða í framkvæmd með auglýsingu en vonir eru bundnar við að aðilar s.s. Capacent, ParX, Félagsvísindastofnun og HRM ráðgjöf hafi áhuga á verkefnum.

Fáist fé úr starfsmenntasjóði má reikna með að sækja þurfi einnig í fræðslusjóði á vegum SA og ASÍ. Ekki er ætlast til fjárútláta frá samstarfsaðilum að öðru leyti, heldur setu og vinnu í stýrihópi.

Viltu láta mig vita ykkar viðhorf til þessa máls við fyrsta tækifæri.

Umsóknarfrestur rennur út 28. febrúar.

Kveðja

Ingibjörg Elsa

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Skeifunni 8

108 Reykjavík

Sími: 599-1400

GSM: 898-1778



Fundur í stjórn Kvasis 5. mars 2008 í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Mættir á fundinn Ásmundur Sverrir, Óli og Valgerður

1. Vorfundurinn á Akureyri

Drög að vorfundi unnin og send til Soffíu til skoðunar. Stjórn skipti með sér verkum við undirbúning fundarins. Nokkrar umræður um heiti á vorfundi og áherslur. Kristín Njálisdóttir og Ingibjörg Elsa komu aðeins inn á fundinn til umræðna um efni fyrir vorfund.

Fund ritaði

Valgerður Guðjónsdóttir



Vorfundur Kvasis á Akureyri 9.-10. apríl 2008